



Reykjavík, 7. mars 2019
R17100470
3500

Íþróttá- og tómsundasvið
Ómar Einarsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Skil starfshóps um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings var skipaður af borgarstjóra þann 30. október 2017 og var hlutverk hans að gera tillögu um framtíðaraðstöðu félagsins.

Starfshópurinn skilaði niðurstöðum sínum þann 14. janúar sl. Í þeim voru settar fram þrjár sviðsmyndir þar sem mismunandi breytingum og uppbyggingu á aðstöðu og félagssvæði Knattspyrnufélagsins Víkings var stillt upp.

Skýrsla starfshópsins og tillögum hans er hér með vísað til meðferðar íþróttá- og tómsundasviðs og stýrihóps vegna mótunar stefnu í íþróttamálum í Reykjavík.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf formanns starfshóps um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings dags. 14. janúar 2019.

Skýrsla starfshóps um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings dags. október 2018.



Borgarráð

Skýrsla og tillögur starfshóps um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings

Hjálögð er skýrsla starfshóps um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings.

Starfshópurinn var skipaður af borgarstjóra 30. október 2017 og eru megin hlutverk hans að gera tillögu um framtíðaraðstöðu félagsins. Einnig að gera tillögu að samstarfssamningi við félagið og skoða aðstöðumál félagsins í heild sem og aðkomu að svæðinu.

Gerðar voru þrjár sviðsmyndir þar sem mismunandi breytingum og uppbyggingu var stillt upp fyrir félagið. Ekki var gerð tillaga að samstarfssamningi þar sem tillögur og framtíðarsýn þurfa að fá samþykki og bakland frá ráðamönnum áður en tilefni er til að ræða samkomulög. Engu að síður hefur vinna hópsins þegar skilað frekara samstarfi milli Víkings og Skóla- og frístundarsviðs þar sem Fossvogsskóli er byrjaður að nýta íþróttahús Víkings til íþróttakennslu og verið er að skoða frekari möguleika varðandi frístundarstarf á svæði Víkings.

Áður nefndar þrjár sviðsmyndir eru ítarlega skilgreindar í meðfylgjandi skýrslu. Tillaga starfshópsins er að miðað verði við sviðsmynd III þegar ákvarðanir verði teknar um uppbyggingu og þróun á svæði Víkings í Fossvogi. Engir samningar hafa verið gerðir né loforð gefin enda þarf samþykki og bakland fyrir tillögunum frá ráðamönnum borgarinnar áður en lengra er haldið. Tillagan er því á þessu stigi hugsuð sem leiðarvísir í framtíðar ákvarðanatökum varðandi íþróttafélagið.

Helstu niðurstöður sviðsmyndar III eru:

- Aðkoma að mannvirkjum íþróttafélagsins og bílastæði verði flutt á lítinn hluta Markarsvæðis. Með nýrri aðkomu að mannvirkjunum frá Markarsvæðinu er verið að leita leiða til að tryggja öruggari umferð, bæta aðgengi og minnka álag á íbúagötu við Traðarland sem og miðjusetja betur aðkomu fólks á svæði Víkings.
- Ný tengibygging verði byggð á milli stúku, félagshúss og íþróttahúss sem í verður móttaka, skrifstofur, félagssalur o.fl. Tengibyggingin mun leysa margþættan vanda í núverandi félagshúsnæði Víkings sem felst aðallega í plássleysi og flæði um svæðið. Tengingangur að núverandi stúku yrði partur af slíkri byggingu.
- Nýtt fjölnota leiksvæði á núverandi bílastæði sem mun efla hverfið og vera til hagsbóta fyrir íbúana og auka möguleika á ýmissi samfélagsþjónustu í mannvirkjum Víkings.
- Víkingur tekur yfir aðstöðu í Safamýri þegar Fram flytur í Úlfarsárdal og verður með samþætta þjónustu milli Víkurinnar og Safamýri. Einnig þyrfti að skoða hvort heppilegt væri að stækka þjónustusvæði Víkings enn frekar í nýjum væntanlegum hverfum Vogabyggðar og Höfðabyggðar.
- Almennt verði farið í nauðsynlegt viðhald og endurbætur á núverandi húsnæði í Víkinni. Ljóst er að Víkingur hefur ekki bolmagn til þess að standa eitt undir þeim viðhaldsverkefnum sem ráðast þarf í og eru verkefnin af þeim skala að styrkveitingar ÍTR til viðhaldsmála ná ekki að leysa þá þörf sem er fyrir hendi. Skoða þarf hvort

Reykjavíkurborg taki mannvirki Víkings yfir að hluta eða öllu leyti og yrði þá sambærilegt fyrirkomulag og hjá t.d. Fjölni og Fram.

- Í sviðsmyndinni er einnig sá möguleiki að reisa á síðari stigum nýtt fjölnotahús sem mögulega gæti orðið allt að 4.250 m².
- Sviðsmyndin kallar á skýrar umræður milli hlutaðeigandi aðila um framtíð Markarsvæðisins.

Helstu kostnaðartölur:

Breytingar á aðkomu og bílastæðum	113 milljónir kr.
Breytingar á kjallara og 1. hæð	186 milljónir kr.
Ný tengibygging	765 milljónir kr.
Nýr tengigangur	88 milljónir kr.
Hönnun og eftirlit	155 milljónir kr.
Viðhald núverandi bygginga	476 milljónir kr.
SAMTALS:	1.783 milljónir kr.

Næstu skref

Byrja þarf á að finna út úr framtíð Markarsvæðisins. Eins og fram kemur í skýrslunni þá var samþykkt í borgarráði 2008 fyrirheit fyrir því að Víkingum yrði úthlutað landi af Markarsvæðinu. Nauðsynlegt er að setja af stað vinnu við að botna viðræður um framtíð Markarsvæðis. Í þeirri vinnu þarf einnig að ræða við Kópavogsbæ því mögulega mætti auka svæði Markarinnar í Kópavogi til móts við land sem færast til Víkings.

Þegar ljóst er hvað verður mögulegt með Markarsvæðið þarf að ákveða hvort farið verði eftir tillögu starfhópsins um að fylgja sviðsmynd III. Því næst þarf að gera áætlun um uppbyggingu svæðisins samkvæmt þeirri framtíðarsýn sem valin verður og gera samkomulag við Víking sem byggir á þeirri áætlun.

Annað

Víkingur og Fagrilundur í Kópavogi:

Mat hópsins var að ekki væri grundvöllur til viðræðna við Kópavogsbæ um að Víkingur myndi nýta aðstöðu í Fagralundi þar sem hann er mikið notaður í dag undir margvíslega félagslega starfsemi Kópavogsbæjar.

Jón Valgeir Björnsson

Hjálagt:

Skýrsla. Knattspyrnufélagið Víkingur - Framtíðarsýn, dags. október 2018

Knattspyrnufélagið Víkingur

Framtíðarsýn



Reykjavíkurborg
Knattspyrnufélagið Víkingur

Október 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
1.1	Inngangur.....	4
1.2	Verkefni starfshópsins.....	4
1.3	Starfshópurinn.....	5
1.4	Vinnuferlið.....	5
1.5	Hverfafélag-skilgreining.....	5
1.6	Almennt.....	6
1.7	Samantekt sviðsmynda.....	7
	Niðurstaða.....	8
2	Núverandi mannvirki Víkings í Víkinni og viðhaldspörf.....	8
2.1	Félagsheimili, ástand þess og leiðir til úrbóta.....	9
2.2	Íþróttahús, ástand þess og leiðir til úrbóta.....	11
3	Sviðsmyndir, nánari lýsing og kostnaðarmat.....	12
3.1	Sviðsmynd I – Víkingur í dalnum.....	12
3.2	Sviðsmynd II – Víkingur í dalnum + Mörkin.....	16
3.3	Sviðsmynd III – Víkingur í dalnum + Mörkin + Safamýri.....	20
4	Umferð, núverandi staða og endurbætur.....	21
4.1	Almennt.....	21
4.2	Lýsing á staðháttum.....	21
4.3	Umferðaröryggi.....	22
4.4	Framtíðarsýn.....	22
5	Fylgiskjöl.....	23

1 Inngangur

1.1 Inngangur

Samkvæmt erindisbréfi Borgarstjórans í Reykjavík 30. október 2017 var skipaður starfshópur sem var ætlað að gera tillögur um framtíðaraðstöðu fyrir Knattspyrnufélagið Víking og gera tillögu að samstarfssamningi við félagið þar sem m.a. verði lögð áhersla á góða nýtingu mannvirkja og þjónustu við íbúa varðandi heilsueflingu. Jafnframt að skoða aðstöðumál félagsins í heild sinni ásamt því að skoða aðkomu að svæðinu og koma með tillögur til úrbóta.

Árið 2008 veitti Reykjavíkurborg Knattspyrnufélaginu Víkingi fyrirheit um aukið landsvæði í Mörkinni. Árið 2012 ritaði knattspyrnufélagið Reykjavíkurborg bréf með ósk um viðræður vegna þessa fyrirheits og jafnframt að ræða frekari uppbyggingu fyrir félagið þegar aðstæður til þess væru fyrir hendi. Var erindinu vísað til Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Íþróttta og tómsundasviðs sem hafa átt í viðræðum við Víking. Á fjárfestingaáætlun voru settir fjármunir til endurbóta á svæði félagsins, bæði vegna grasæfingasvæðis og tennisvalla, en fallið hefur verið frá endurbótum grasæfingasvæðis og ákveðið að leggja gervigras á aðalvöll félagsins og koma þar fyrir flóðlýsingu. Í Borgarráði var samþykkt að fara í breytingu á deiliskipulagi á núverandi íþróttasvæði vegna þessa.

1.2 Verkefni starfshópsins

- Að huga að heildarskipulagi svæðis Víkings í Víkinni og bæta aðkomu að svæðinu. Kanna stækkun svæðis félagsins í dalnum.
- Vinna þarfagreiningu á starfsemi Víkings og greina hvaða fjárfestingar hún kallar á. Í tengslum við þarfagreininguna skoðaði starfshópurinn hvort rétt væri að félagið taki að sér að þjónusta stærra svæði. Bæði vegna þéttingar byggðar í Reykjavík og nýrra hverfa sem Víkingur getur með góðu móti þjónustað. Í því sambandi var skoðað íþróttasvæði Fram í Safamýri og nýja Vogabyggð vestan Elliðavogs. Jafnframt var rætt hvort flötur væri á samstarfi við Kópavogsbæ um Fagralund. Enn fremur ræddi hópurinn ný hverfi sem Víkingur gæti með góðu móti þjónustað.
- Hópurinn vann mismunandi sviðsmyndir til lausna fyrir félagið og kostnaðargreindi hverja sviðsmynd fyrir sig. Unnin var endurbóta- og viðhaldspörf á núverandi mannvirkjum Víkings.
- Skoðað var hvort nýta megi mannvirki Víkings fyrir aðra þjónustu Reykjavíkurborgar og styrkja þannig hverfisþjónustuna.

1.3 Starfshópurinn

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum frá Íþróttafélagi Víkings, Íþróttabandalagi Reykjavíkur, Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar, Umhverfis og skipulagssviði, og Íþróttta og tómstundasviði Reykjavíkurborgar.

Björn Einarsson, formaður Víkings
Vilhjálmur J. Árnason, varaformaður Víkings
Frimann Ari Ferdinandsson, Íþróttabandalag Reykjavíkur

Jón Valgeir Björnsson, Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (formaður)
Rúnar Gunnarsson, Umhverfis- og skipulagssvið
Steinþór Einarsson, Íþróttta og tómstundasvið

Varamenn
Haraldur Haraldsson, framkvæmdastjóri, Íþróttafélagið Víkingur
Helgi Eysteinnsson, Íþróttafélagið Víkingur
Marteinn Már Guðgeirsson, Íþróttafélagið Víkingur

Starfsmaður
Anna María Benediktsdóttir, Umhverfis- og skipulagssvið

1.4 Vinnuferlið

Skýrslan er tekin saman fyrir starfshópin af Önnu Maríu Benediktsdóttur á deild frumathugana mannvirkjagerðar á skrifstofu framkvæmda og viðhalds, á Umhverfis - og skipulagssviði. Kostnaðarmat var unnið á skrifstofu framkvæmda og viðhalds, á Umhverfis - og skipulagssviði.

Starfshópurinn hefur fundað reglulega frá lok nóvember 2017 til lok apríl 2018. Haldnir hafa verið samráðsfundir með fulltrúum Skipulagsfulltrúa vegna deiliskipulagsvinnu í Fossvogsdal og hverfaskipulags. Samráð hefur verið við embætti Samgöngustjóra vegna umferðargreiningar. Einnig voru haldnir hugarflugsfundir með fulltrúum starfsfólks Skóla- og frístundasviðs og Velferðasviðs til að leita hugmynda og kynna mögulega nýtingu á mannvirkjum Víkings. Leitað var ráðgjafar VSÓ Ráðgjafar ehf. vegna umferðargreiningar.

1.5 Hverfafélag-skilgreining

Samkvæmt skilgreiningu Íþróttabandalags Reykjavíkur er svæðisbundið félag, sá sem á eða hefur fengið úthlutað ákveðnu svæði í Reykjavíkurborg og stundar meginhluta starfsemi sinnar þar og í því hverfi. Gert er ráð fyrir að félagið eigi, eða hafi aðgang að íþróttasvæði og íþróttahúsi í hverfinu. Félagið stundi a.m.k. 3 íþróttagreinir, þ.m.t. minnst tvær hópíþróttir. Allar íþróttagreinarnar skulu vera öllum opnar í samræmi við aldurs- og kynflokkun. Félagið sinni barna- og unglíngastarfi grunnskólabarna í a.m.k. 3 íþróttagreinum (þar af minnst tvær vinsælar hópíþróttir) sem uppfylla kröfur um deild skv. lið B. Félagið haldi uppi virkri starfsemi allt árið. (*sjá fskj.- Hverfisfélag*)

1.6 Almenn

Heildarstærð lóðar Víkings að Traðarlandi 1 eru 53.000 m² þar af eru um 9000 m² í landi Kópavogs. Í dag þjónar félagið um 12.000-14.000 íbúum. Um 2000 áhorfendur mæta á stærstu leiki hjá Meistaraflokki karla í knattspyrnu. Allt að 1500-3000 áhorfendur sækja stærstu viðburði Íþróttafélagsins í Víkinni. Það eru um það bil 1200 iðkendur sem sækja reglulega æfingar hjá Víkingi. 8 deildir starfa innan vébanda félagsins í dag, knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, skíðadeild, karatedeild, borðtennisdeild, tennisdeild, skáklúbbur og almenningsíþróttadeild. 100 krakkar koma daglega í Víkingsheimilið og nýta það sem frístundaaðstöðu.

Hverfamiðstöð/samvinna við Reykjavíkurborg um nýtingu mannvirkja.

Víkingur vill í samvinnu við Reykjavíkurborg byggja upp alhliða hverfismiðstöð, miðstöð heilsueflingar og frístundamiðstöð í Víkinni en þannig gætu skólar hverfisins notað mannvirki Víkings undir meðal annars leikfimikennslu og frístund. Hugarflugsfundir voru haldnir í vinnuferlinu með fulltrúum starfsfólks Skóla- og frístundasviðs og Velferðasviðs til að leita hugmynda og kynna fjölbætta mögulega nýtingu á mannvirkjum Íþróttafélagsins Víkings.

Stærð hverfis, íbúafjöldi og fjöldi nemenda.

Víkingur er eitt þeirra félaga í Reykjavík sem er með hvað fæsta íbúa og nemendur. Eðlilegt og mikilvægt er að upptökusvæði Víkings verði samsvarandi að stærð í framtíðinni og svæði helstu hverfisfélaga í Reykjavík. Víkingur skilgreinir sig sem öflugt hverfisfélag sem í dag er í Bústaðahverfi, Fossvogi og hluta af Háaleiti, en íbúar á þessu svæði eru 11.000 -13.000 en þar eru þrjú grunnskólar með um 1.100 nemendum. Félagið vill ráða bót á þessu með því að koma inn á það svæði sem Fram þjónaði áður í Safamýri og einnig vill félagið sinna íbúum í nýjum hverfum sem byggð verða upp við Elliðaárvog. Markmiðið er að upptökusvæði Víkings verði samsvarandi að stærð í framtíðinni og svæði helstu hverfisfélaga í Reykjavík. Á bak við hvert hverfisfélag þarf stóran hóp íbúa til að skapa aðstæður fyrir heppilegan fjölda iðkenda. Það er æskilegt að jafna eins og hægt er fjölda íbúa á bak við hvert hverfisfélag þannig að þau hafi góðar aðstæður fyrir starfsemi sína.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda nemenda í grunnskólum Reykjavíkur miðað við hvert svæði íþróttafélaganna.

- Víkingur 1125 nemendur
- Valur 1664 nemendur
- Þróttur/Ármann 1793 nemendur
- Fylkir 1628 nemendur
- Fjölhir 2199 nemendur
- ÍR/Leiknir 2364 nemendur
- KR 2064 nemendur
- Fram 1570 nemendur

1.7 Samantekt sviðsmynda

Gerðar voru þrjár sviðsmyndir að framtíðaruppbyggingu Víkings. Allar kostnaðartölur eru gefnar upp í milljónum kr. og miðast við verðlag í maí 2018. Nánar er fjallað um hverja sviðsmynd í kafla 3.

Sviðsmynd I

Hæð byggð ofan á núverandi félagshúsnæði Víkings. Tillögur um breytingar og úrbætur á rýmum í kjallara og 1. hæð félagsaðstöðuhúss. Nauðsynlegt viðhald á núverandi húsnæði.

Staðsetning bílastæða og aðkoma óbreytt.

Helstu kostnaðartölur:

Ný hæð	350 milljónir kr.
Breytingar á kjallara og 1.hæð	151 milljónir kr.
Hönnun og eftirlit	80 milljónir kr.
Viðhald núverandi bygginga	396 milljónir kr.

SAMTALS: 977 milljónir kr.

Þessi sviðsmynd samræmist ekki framtíðarsýn Víkings.

Sviðsmynd II

Sviðsmyndin samræmist framtíðaráformum Víkings og býður upp á möguleika til stækkunar húsnæðisins sem verða til endurbóta fyrir starfsemi þess. Aðkoma og bílastæði flutt á Markarsvæðið. Umferðaröryggi á svæðinu verður stórlega bætt. Umferðarflæði um hverfið fær nauðsynlegar úrbætur og mun draga úr núverandi slyshættu við mannvirkin. Aðkoma að mannvirkjunum frá Markarsvæðinu tryggir öruggari umferð, bætir aðgengi og minnkar álag á íbúagötu við Traðarland. Ný tengibygging verður byggð á milli stúku, félagshúss og íþróttahúss sem í verður móttaka, skrifstofur, félagssalur o.fl. Tengigangur að núverandi stúku. Nauðsynlegt viðhald á núverandi húsnæði. Nýtt fjölnotaleiksvæði á núverandi bílastæði.

Helstu kostnaðartölur:

Breytingar á aðkomu og bílastæðum	113 milljónir kr.
Breytingar á kjallara og 1. hæð	186 milljónir kr.
Ný tengibygging	765 milljónir kr.
Nýr tengigangur	88 milljónir kr.
Hönnun og eftirlit	155 milljónir kr.
Viðhald núverandi bygginga	476 milljónir kr.

SAMTALS: 1.783 milljónir kr.

Að auki væri í framtíðinni, mögulegt að byggja fjölnotaíþróttahús á hluta Markarsvæðisins. Heildarstærð fjölnotahúss gæti orðið allt að 4250 m² og kostnaður um 820 milljónir.

Sviðsmynd III

Sama og sviðsmynd II að viðbættu íþróttasvæði í Safamýri sem verður líklega í eigu Reykjavíkurborgar. Samruni Víkings við Safamýri dregur ekki úr þörfum á breytingum og stækkun í Víkinni og því sami kostnaður við sviðsmynd II og III en nýir og fjölbættir möguleikar verða á samstarfi og samnýtingu á húsnæðinu fyrir Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Víking og aukinni og fjölbreyttari þjónustu fyrir íbúa hverfanna.

Auk sviðsmyndanna var einnig rætt að þjónustusvæði Víkings gæti einnig verið hluti af nýrri Vogabyggð, Höfðabyggð og Fagralundi í Kópavogi.

Niðurstaða


Samstaða var í hópnum að framtíðarsýn Víkings falli best að sviðsmynd III en hún samræmist framtíðaráformum félagsins og býður upp á möguleika til stækkunar og endurbóta á húsnæði þess og starfsemi. Umferðaröryggi á svæðinu verður einnig bætt. Nýir nýtingarmöguleikar á húsnæði félagsins, stækkun upptökusvæðis Víkings, nýtt fjölnotaleiksvæði mun efla hverfin og verða til hagsbóta fyrir íbúanna.

Sviðsmyndin kallar á skýrar umræður milli hlutaðeigandi aðila um framtíð Markarsvæðisins. Gera þarf áætlun varðandi framkvæmdirnar í heild sinni. Verið er að reisa tvö fjölnotahús í Reykjavík. Stefna borgarinnar er að skoða nýtingu og reynslu af þeim mannvirkjum og meta hvort þörf sé fyrir fleiri slík í Reykjavík. Mögulegt fjölnotahús Víkinga verður hluti af þeirri greiningu.

2 Núverandi mannvirki Víkings í Víkinni og viðhaldspörf

Núverandi mannvirki Víkings í Víkinni voru byggð fyrir u.þ.b. þrjátíu árum en aðstaða í kjallara var tekin í notkun síðar. Í upphafi var gert ráð fyrir stækkun á félagsaðstöðuhúsinu sem ekki hefur orðið. Þörf er á endurbótum á hluta mannvirkja Víkings bæði innan dyra og utanhúss. Aðrir hlutar mannvirkjanna þurfa hefðbundið viðhald. Eftirfarandi rými er til að mynda veruleg þörf á að bæta: Búningsklefa, fundaraðstöðu, betri félagsaðstöðu, skrifstofurými, geymslur o.s.frv.

Búningsklefa vantar í húsið á álagstímum. Oft koma upp vandræði með að fá klefa og eru þá öll rými í húsinu nánast nýtt þ.m.t salerni. Ef vel á að vera þyrftu að vera að lágmarki 12 búningsklefar í Víkinni, en þeir eru í dag 7. Viðhaldspörf er komin á búningsklefana og aðstaða fyrir meistaraflokka er takmörkuð. Eins og fram kom hér að framan eru nokkrar deildir félagsins ekki með aðstöðu í Víkinni. Borðtennisdeild félagsins er rekin út í bæ í öðru hverfi og karatedeild hefur verið með aðstöðu í Breiðdagerðisskóla meðan fjölnotasalur sem deildin hefur nýtt er lagfærður. Sá salur er sama marki brenndur og aðrir salir í kjallara. Hann er niðurgrafinn og birtan sem berst inn er takmörkuð. Yfir vetrarmánuðina er tennisdeildin með sína starfsemi í Kópavogi, en nú er verið að lagfæra útivellina sem eru notaðir yfir sumartímann. Tennisdeildin hefur enga aðstöðu við vellina.



Núverandi mannvirki Víkings í Víkinni, skýringamynd.

Lýsing á núverandi aðstöðu

Gengið er inn í félagsaðstöðu hússins að norðan frá Traðarlandi. Við innganginn er móttaka, aðstaða fyrir húsvörð og salur fyrir félagsaðstöðuna. Frá anddyri er tenging við kjallara og sjónrænn ás í íþróttahúsið. Gengið er út á íþróttaleikvanginn frá fyrstu hæðinni. Á hæðinni eru einnig búningsherbergi, snyrtingar, geymslur, herbergi fyrir dómara og skrifstofuaðstaða. Skrifstofur á 1.hæð vestantil eru staðsettar þar sem áður voru búningaklefar. Í dag er í kjallara æfingasalur, tækjasalur, geymslur, búningsherbergi og snyrtingar. Einnig fundarherbergi og fjölnotasalur sem nýtist að hluta til sem frístundaheimili og fyrir fundi hjá félagsmönnum. Frá kjallara er aðgengi að íþróttasvæðinu og inn í íþróttahús félagsins en gólfliotur kjallara er í sömu hæð og íþróttahús.

2.1 Félagsheimili, ástand þess og leiðir til úrbóta

Aðgengi

Aðgengi að félagsheimili og aðgengismál innandyra samræmast almennt ekki þeim kröfum sem gerðar eru í dag til þessa málaflokks. Laga þarf aðgengismálin. Áætlaður kostnaður er 25 milljónir kr.

Kjallari

Aðstaða í kjallara hússins þarfnast endurbóta. Dagsbirta í kjallaranum er lítil en hann er töluvert niðurgrafinn. Gluggar eru staðsettir hátt og eru auk þess litlir og veita því takmarkaða dagsbirtu. Í þessum hluta hússins hefur frístundaaðstaða hverfisins haft aðstöðu, auk hluta af félagsaðstöðu Víkings, þreksalur og karatesalur. Búningaklefar eru úr sér gengnir. Kominn er tími á viðhald og endurbætur í kjallaranum.

Karatesalur

Karatesalur er staðsettur í kjallaranum. Er hann rúmgóður en lítil dagsbirta er inni í honum vegna gluggasetningar. Mikill raki hefur verið í salnum undanfarin ár og hann ekki verið í notkun en búið er að lagfæra rakaskemmdir í salnum.

Preksalur:

Preksalur er staðsettur í kjallaranum. Lítil dagsbirta er salnum vegna gluggasetningar. Salurinn er einnig mjög hrár.

Búningsklefar

Búningsklefar í kjallara þarfnast viðhalds.

Áætlaður kostnaður fyrir almennt viðhald og endurbætur í kjallara, karatesal, búningsherbergjum, sturtusvæði, snyrtingum og þurrkherbergi er 109 milljónir kr.

1. hæð félagsaðstaða

Búningsklefar

Búningsklefar á 1. hæðinni þarfnast viðhalds.

Skrifstofurými

Skrifstofurými félagsins eru staðsett á 1. hæðinni á búningsherbergjagangi. Skrifstofurnar eru í rými sem voru hönnuð sem búningsherbergi. Aðstaðan samræmist ekki þörfum félagsins.

Veislusalur

Félagsaðstöðusalur er ekki nægilega stór til að sinna hlutverki sínu. Kominn er tími á almennt viðhald salarins.

Áætlaður kostnaður fyrir almennt viðhald búningsklefa, skrifstofurýma og veislusalara á 1. hæð er 35 milljónir kr.

Ástand utanhúss á félagsaðstöðuhúsi

Útveggi þarf að laga og endurnýja þak á félagsaðstöðuhúsi.

Úrbætur

Lagt er til að fara í múrviðgerðir á húsinu og endurnýja þak og rennur.

Áætlaður kostnaður er 94 milljónir kr.

Öryggiskerfi, rafmagn og loftræsing

Öryggiskerfi, rafmagn, og loftræsing hefur ekki verið endurnýjað frá því að húsið var byggt. Í kostnaðartölum er endurnýjun að hluta á rafmagn, lýsingu og loftræsing. Áætlaður kostnaður er 35 milljónir kr.

Rými utandyra og aðkoma að félagsaðstöðuhúsi

Laga þarf aðkomu að húsinu m.t.t. aðgengis fyrir alla. Ef að grafið verður frá húsinu eins og lagt er til þarf að endurhanna og endurgera lóðina norðan, sunnan og vestanmegin við húsið.

2.2 Íþróttahús, ástand þess og leiðir til úrbóta

Ástand á núverandi íþróttahúsi hefur verið skoðað og gert kostnaðarmat á nauðsynlegum viðhaldsverkefnum.

Núverandi ástand innanhúss

- Parket í íþróttasal er illa farið.
- Áhorfendabekkir eru úr sér gengnir.
- Tímabært að mála innveggi.

Úrbætur

- Endurnýjun á parketi.
- Skoða endurnýjun á áhorfendabekkjum.
- Málun innanhús.

Núverandi ástand utanhúss

Klæðning utan á íþróttahúsi er illa farin. Plötur hafa losnað af og grind undir klæðningu þarf að lagfæra.

Úrbætur

Nauðsynlegt að laga klæðningu á íþróttahúsi.

Helstu kostnaðartölur vegna viðgerða á íþróttahúsi.

Íþróttahús, útveggjaklæðning	50 milljónir kr.
Íþróttahús, viðhald inni samtals	15 milljónir kr.
Lagfæring á gólfi	65 milljónir kr.
Endurmálun inni	9 milljónir kr.
Endurnýjun að hluta á rafmagni, lýsingu og loftræsingu	39 milljónir kr.
SAMTALS:	<u>178 milljónir kr.</u>

Enginn búnaður eða bekkir eru inni í þessari áætlun.


Niðurstaða

Af ofangreindu má sjá að heildarviðhaldspörf í Víkinni er metin á 476 milljónir. Mörg viðhaldsverkefni eru mjög aðkallandi. Ljóst er að Knattspyrnufélagið Víkingur hefur ekki bolmagn til þess að standa eitt undir umræddum viðhaldsverkefnum.

3 Sviðsmyndir, nánari lýsing og kostnaðarmat

3.1 Sviðsmynd I – Víkingur í dalnum

Verulega er farið að þrengja að starfsemi Víkings á núverandi stað í Víkinni. Á sínum tíma var búningsklefum á 1. hæð breytt í skrifstofur félagsins til að nýta það húsnæði til fulls sem í boði var. Í dag er þörf fyrir fleiri búningsklefa í ljósi vaxtar í íþróttastarfi félagsins í karla og kvenna flokkum. Miðað við núverandi staðsetningu og þarfir félagsins þyrfti að ráðast í umtalsverðar úrbætur og endurbyggingu auk þeirra viðhaldsaðgerða sem lýst var áður. Mögulegt er að byggja hæð ofan á núverandi félagsaðstöðuhús Víkings. Laga þarf aðgengismál í húsunum. Mögulegt er að grafa frá kjallara félagsaðstöðu hússins, síkka glugga og þar með breyta niðurgröfnum kjallara í opnara og nýtanlegra rými.



Núverandi mannvirki Víkings í Víkinni, skýringamynd.



Skýringar

- | | | | | | |
|--|-----------------|--|--------------|--|-------------------------------------|
| | óbreytt | | þurrkerbergi | | ræsting |
| | snyrting | | sturtur | | æfingasalur / núverandi karatesalur |
| | búningsherbergi | | geymslur | | fristund/fjölnotarymi/fundur |

Sviðsmynd I – kjallari – skýringamynd (frumtilaga að nýtingu).



Skýringar

- | | | | | | |
|--|-----------------|--|--------------|--|--------------------------|
| | óbreytt | | þurrkerbergi | | ræsting |
| | snyrting | | sturtur | | líkamsrækt/fjölnotasalur |
| | búningsherbergi | | geymslur | | |

Sviðsmynd I – 1. hæð – skýringamynd (frumtilaga að nýtingu).



Sviðsmynd I – 2. hæð-ný hæð – skýringamynd (frumtillaga að nýtingu).



Sviðsmynd I, II, III – kjallari – (gluggar síkkaðir, og grafið frá húsinu til að auka birtuskilyrðin innanhúss).

Tillaga að nýtingu og breytingum á núverandi byggingum í Víkinni:

Kjallari:

- Aðstaða í kjallara fyrir frístund lagfærð.
- Karatesalur endurgerður og fær jafnvel annað hlutverk.
- Til að auka gæði húsnæðisins er lagt til að auka magn dagsbirtu í kjallaranum með því að grafa frá húsinu bæði norðan og sunnanmegin. Síkka glugga á báðum þessum hliðum. Með því að auka birtumagn á hæðinni og færa

aðstæður í nútímalegt horf verða betri aðstæður fyrir notendur. Til að auka gæði og nýtingarmöguleika á karatesal er lagt til að grafa frá hlið salarins sem snýr í norður, síkka glugga og fá þannig betri birtuskilyrði inn í salinn. Með því myndast nýir möguleikar í notkun salarins, til að mynda sem rými fyrir frístundastarf.

- Gengið frá veggjum að utan sem grafið er frá.

1. hæð

- Fjölgun búningsherbergja - núverandi skrifstofurými verða flutt á nýja hæð.
- Ný búningsherbergi verða mögulega þar sem núverandi skrifstofur eru.
- Núverandi salur endurskipulagður.

2. hæð - ný hæð

Lagt er til að eftirfarandi aðstaða verði á nýrri hæð.

- Skrifstofurými.
- Nýr salur – veitingaaðstaða.
- Fundarherbergi.
- E.t.v. fjölnotarými til útleigu.

Aðkoma að húsinu og bílastæði óbreytt.

Helstu kostnaðartölur vegna sviðsmyndar I. (**frumáætlun*)

Ný hæð	350 milljónir kr.
Breytingar á kjallara og 1.hæð	151 milljónir kr.
Hönnun og eftirlit	80 milljónir kr.
Viðhald núverandi bygginga	396 milljónir kr.*

SAMTALS: 977 milljónir kr.

*Viðhaldskostnaður lækkar þar sem endurnýjun þaks og hluti viðhalds í kjallara fellur inn í nýframkvæmdir.

Samantekt sviðsmyndar:

Kostir:


- Ekki þarf að endurgera þak vegna ofanábyggingar en áætlaður kostnaður við endurgerð þaksins er um 60 milljónir og áætlað viðhald í kjallara upp á 20 milljónir fellur niður að hluta vegna breyttrar notkunar og að hluta inn í áætlaðar breytingar.
- Tekist verður á við tímabært viðhald mannvirkjanna.
- Öll leyfi í tengslum við byggingu eru til staðar.

Gallar:


- Sviðsmyndin er óásættanleg fyrir Knattspyrnufélagið Víking og samræmist ekki þeirra framtíðarsýn hvað varðar framtíðaraðstöðu, stærð íþróttasvæðisins sjálfs og upptökusvæðis félagsins.
- Aðgengi og umferðaröryggi er ekki ásættanlegt. (*sjá fskj. VSÓ Ráðgjafar ehf.*)
- Ekki er gert ráð fyrir stækkun inn á Markarsvæðið eins og lagt var til og samþykkt í borgarráði þann 10. júlí 2008 með fyrirvara. (*sjá fskj. Bréf borgarráðs varðandi Mörkina*)
- Möguleikum félagsins til að vaxa eru þannig settar þrengri skorður en ella
- Húsnæðið samræmist ekki framtíðarpörfum íþróttafélagsins
- Þreksal vantar í húsnæðið
- Félagshúsnæði á þremur hæðum er óhentugt.
- Kemur til með að hafa mikla röskun á öllu starfi félagsins á meðan á framkvæmdum stendur.

3.2 Sviðsmynd II – Víkingur í dalnum + Mörkin

Í sviðsmyndinni er Markarsvæðið hluti af þjónustusvæði Víkinga. Núverandi bílastæði við Traðarland verða lögð niður og svæðið nýtt sem fjölnotaléiksvæði. Ný bílastæði verða staðsett við Stjörnugróf á núverandi Markarsvæði þannig mun aðkoma verða mun betri og öruggari inn á íþróttasvæðið sem og á svæðinu öllu (sjá *fskj. VSÓ Ráðgjafar ehf.*) Í sviðsmyndinni er ekki gert ráð fyrir nýrri hæð ofan á núverandi mannvirki heldur ný bygging áætluð sem tengir saman öll núverandi mannvirki á svæðinu og uppfyllir framtíðarkröfur félagsins.



Sviðsmynd II – skýringamynd.



Sviðsmynd II – skýringamynd. Breytt aðkoma, ný staðsetning bílastæða.

Gengið verði inn í nýja byggingu sem tengir saman núverandi mannvirki og stúku. Þar verður aðalinnangangur félagsins þaðan sem hægt er að fara inn í núverandi félagsaðstöðu, búningsklefa og íþróttahús. Á fyrstu hæð byggingarinnar verði anddyri, miðasala, veitingaaðstaða, eldhús auk búningsklefa fyrir meistaraflokk. Á annarri hæð tengibyggingar verði skrifstofur, starfsmannaaðstaða og fundarherbergi. Auk tengibyggingar verður nýr tengingangur að núverandi stúku.

Víkingur hefði möguleika á að reisa þriðju hæðina á tengibyggingunni eða á núverandi félagsaðstöðu og auka þannig við byggingarmagnið um allt 600 m². Starfsemi í þeim rýmum gæti stutt við hverfistengda starfsemi.

- Heildarstærð á nýrri tengibyggingu væri allt að 1200 m² brúttó.
- Heildarstærð á nýjum tengigangi að núverandi stúku væri 250m².
- Heildarbyggingarmagn á nýrri tengibyggingu ásamt þriðju hæðinni væri allt að 1800 m² brúttó auk tengigangs.

Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir eftirfarandi endurbótum á núverandi húsnæði Víkings líkt og lýst er í sviðsmynd I. Aðgengismál verða almennt lagfærð. Grafið frá húsinu, gluggar síkkaðir auk þess sem sinna þyrfti áður lýstum viðhaldsaðgerðum.

Kjallari

- Aðstaða í kjallara fyrir frístund lagfærð.
- Karatesalur endurgerður og fær jafnvel annað hlutverk.
- Til að auka gæði húsnæðisins er lagt til að auka magn dagsbirtu í kjallaranum með því að grafa frá húsinu bæði norðan og sunnanmegin. Síkka glugga á báðum þessum hliðum. Grafa einnig frá húsinu sem snýr til vesturs og gera

tengingu við nýtt fjölnota- leiksvæði sem þar er mögulegt að gera ef bílastæðin verða færð að núverandi Markarsvæði. Með því að auka birtumagn á hæðinni og færa aðstæður í nútímalegt horf verða betri aðstæður fyrir notendur.

- Til að auka gæði og nýtingarmöguleika karatesalar er lagt til að grafa frá hlið salarins sem snýr í norður, síkka glugga og fá þannig betri birtuskilyrði inn í salinn. Með því myndast nýir möguleikar í notkun salarins, til að mynda sem rými fyrir fristundastarf.
- Gengið frá veggjum að utan sem grafið er frá.
- Fjölgun búningsherbergja eins og kostur er ásamt endurgerð þeirra sem fyrir eru.

1. hæð

- Fjölgun búningsherbergja
- Núverandi salur - endurnýttur
- Endurgerð á þaki (viðhaldsverkefni)

Helstu kostnaðartölur:

Breytingar á aðkomu og bílastæðum	113 milljónir kr.
Breytingar á kjallara og 1. hæð	186 milljónir kr.
Ný tengibygging	765 milljónir kr.
Nýr tengigangur	88 milljónir kr.
Hönnun og eftirlit	155 milljónir kr.
Viðhald núverandi bygginga	476 milljónir kr.

SAMTALS: 1.783 milljónir kr. (*frumáætlun)

Inn í sviðsmynd II mætti einnig koma fyrir í framtíðinni, fjölnota íþróttahús við hlið stúku, tengt við tengigang. Heildarstærð fjölnotahúss er allt að 4250 m².

Kostnaður við slíka byggingu gæti numið allt að 820 milljónum. (*frumáætlun)



Sviðsmynd II – skýringamynd. Möguleg staðsetning á fjölnotahúsi.

Samantekt sviðsmynda:

Kostir:

- Sviðsmyndin samræmist framtíðaráformum Víkings og býður upp á möguleika til stækkunar húsnæðisins sem verða til endurbóta fyrir starfsemi félagsins.
- Aðgengi að íþróttamannvirkjum Víkings, félagsaðstöðu og íþróttavöllum fær gagngerar endurbætur.
- Styttra er frá álagsstæði sem stendur austan Stjörnugrófar að inngangi og það nýtist því betur.
- Umferðaröryggi á svæðinu verður stórlega bætt. Umferðarflæði um hverfið fær nauðsynlegar úrbætur og mun draga úr núverandi slyshættu við mannvirkin og stórauka öryggi ungra iðkenda Víkings.
- Nýr fjölnotaíþróttavöllur mun styrkja hverfið í heild sinni.
- Möguleikar á aukinni aðstöðu fyrir fríundaheimili og/eða aðstöðu sem þjónar íbúum hverfisins.
- Tekist á við tímabært viðhald mannvirkjanna.
- Uppbyggingu myndi fylgja minni óþægindi fyrir íbúa við Traðarland og minni röskun yrði á almennu starfi félagsins.

Gallar:

- Framtíðaráform Markarsvæðisins eru óljós. Nauðsynlegt er að farið verði gaumgæfilega yfir málefni Gróðrarstöðvarinnar Markar varðandi skerðingu, flutning eða tilfærslu inn á land Kópavogs.
- Breyting á deiliskipulagi.

3.3 Sviðsmynd III – Víkingur í dalnum + Mörkin + Safamýri

Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir sömu forsendum og í Sviðsmynd II auk þess að aðstaða Fram í Safamýri verði hluti af Íþróttafélaginu Víkingi. Þó starfsemi verði skipt milli svæða treystir Víkingur sér til að láta íbúa hverfanna upplifa að um sé að ræða eitt félag, hvort sem að farið er á æfingu eða á leiki í Víkinni eða í Safamýrinni. Félagið hefur unnið samantekt um framtíðarstarfsemi félagsins í Safamýri og samþættingu við starfsemi félagsins í Víkinni. Sú samantekt hefur verið kynnt fyrir íbúasamtökum þeim sem tengjast hverfinu. Félagið mun fullnýta þau mannvirki sem eru í Safamýrinni.

Stækkun upptökusvæðis Víkings

Flest öll íþróttafélög í borginni hafa aðgang að fleiri en einu íþróttahúsi. Víkingur er með eitt íþróttahús fyrir keppni í handbolta. Enginn möguleiki er á að bæta við annarri inniboltagreini eða þjónusta betur handboltann nema byggja annan sal í Víkinni. Ef Víkingur hins vegar tæki við Safamýrinni og þá núverandi íþróttahúsi Fram, þá skapast möguleikar til að þjónusta betur börn og ungmenni en verið hefur í þessum hverfum. Því þyrfti ekki að fjölga æfingasölum í Víkinni. Ef Víkingur tekur yfir starfsemi Fram í Safamýri er enn frekar verið að jafna þann fjölda barna sem hvert íþróttafélag getur boðið þjónustu.

Framtíðarsýn

Með þéttingu byggðar í Reykjavík á næstu árum má gera ráð fyrir umtalsverðri fjölgun barna í mörgum hverfum til að mynda í Skerjafirði, Hlíðarenda og Kirkjusandi. Á núverandi svæði Víkings og mögulegu framtíðarsvæði félagsins í Safamýri eru einnig þéttingarreitir, til að mynda á Kringlusvæðinu og Efstaleiti en ekki er endilega gert ráð fyrir fjölgun barna á þeim svæðum.

Eftirfarandi starfsemi verður mögulega í íþróttamannvirkjunum í Safamýri.

- Umsjón með mannvirkjum, rekstrarstjóri og íþróttastjóri.
- Möguleikar á samstarfi og samnýtingu á húsnæðinu fyrir Reykavíkurborg og Knattspyrnufélagið Víking.
- Yngstu þátttakendurnir muni eiga greiðan aðgang að félaginu á báðum stöðum.
- Handknattleiksdeild félagsins verður í keppnissal félagsins í Safamýrinni.
- Knattspyrna - félagið mun bjóða upp á knattspyrnuæfingar að 2. flokki sem og meistaraflokki karla og kvenna.
- Körfuknattleikur - félagið íhugar að bjóða upp á æfingar í körfuknattleik í Safamýrinni. Málið er í skoðun.
- Íþróttaskóli Víkings. Íþróttaskóli Víkings er ætlaður börnum á aldrinum 2-5 ára.
- Almenningsdeild.

Samantekt sviðsmyndar:

Kostir:

- Fleiri hverfi sem félagið þjónar.
- Minni sveiflur í iðkendafjölda, sem tryggja jafnvægi í fagmennsku þjálfunar.
- Allir áður nefndir kostir sviðsmyndar II.
- Félagið tryggir íbúum Safamýrar áfram góða þjónustu.
- Yngstu iðkendur fá góða þjónustu í nærumhverfinu.
- Ágætar tengingar yfir umferðargötur.
- Eitt þjónustusvæði myndast í hverfi 5.
- Auknir möguleikar á samstarfi Víkings við skóla hverfisins.

Gallar:

- Framtíðaráform Markarsvæðisins óljós.
- Breyting á deiliskipulagi.

Helstu kostnaðartölur vegna sviðsmyndar III. (*frumáætlun)

Heildarkostnaður framkvæmda er 1.307 milljónir auk viðhalds upp á 476 milljónir kr (skv. verðlagi í maí 2018). **SAMTALS: 1.783 milljónir kr.**

- Einnig var rætt að þjónustusvæði Víkings væri einnig hluti af nýrri Vogabyggð, Höfðabyggð og Fagralundi í Kópavogi.

Mannvirkin í Safamýri:

Íþróttamannvirki Fram í Safamýri voru byggð í tveimur áföngum. Í fyrra áfanga hússins var byggður íþróttasalur, búningssklefar, skrifstofuaðstaða, fundarherbergi, tómstundaaðstaða, fyrirlestrarrými og tilheyrandi geymslur og tækniými. Síðar er byggt við íþróttamannvirkin veislusalur, leikfimisalur– tækjasalur, búningssklefar. Leikfimisalurinn er notaður fyrir Taekvondo og almenningsíþróttadeildina. Veislusalurinn sem er allt að 220 m² að stærð hefur meðal annars verið nýttur til útleigu. Á annarri hæð hússins eru skrifstofur og fundarherbergi félagsins. Einnig er á annarri hæðinni félagsaðstaða ásamt eldhúskrók. Möguleikar á samnýtingu á húsnæði Reykjavíkurbogar og Víkings.

4 Umferð, núverandi staða og endurbætur

4.1 Almennt

Bústaðavegur liggur í gegnum afmörkun Víkingsvæðisins. Engin göngubrú eða göng eru yfir eða undir götuna. Umferð gangandi og hjólandi er á gönguljósum sem staðsett eru á nokkrum stöðum. Vegna hæðarmismunar á svæðinu hefur reynst erfitt að staðsetja göngubrú eða örugga þverun yfir veginn. Hefur það verið eitt af aðaláherslumálum íbúa hverfisins í fjölda ára að fá þær endurbætur. Er það sérstaklega mikilvægt fyrir iðkendur hjá Víkingi því þeir koma úr hverfinu sem er beggja megin við Bústaðavegin. Verið er að skoða legu á undirgöngum á neðsta hluta Bústaðavegar meðfram nýju framkvæmdasvæði við Sogaveg og Bústaðaveg. Ný undirgöng myndu auka umferðaöryggi hjólandi og gangandi í hverfinu. Undirgöngin eru sýnd á samþykktu deiliskipulagi fyrir reitinn. Frumhönnun á undirgöngunum hefur verið sett af stað. Óvíst er hvenær fjármagn verður sett í framkvæmdina.

4.2 Lýsing á staðhátum

Íþróttamannvirki Víkings eru staðsett við Traðarland. Vestan megin við húsið eru bílastæðin. Meðfram Traðarlandinu er einnig göngustígur og hjólastígur. Hjólastígurinn er staðsettur í götunni en gönguleiðin er meðfram húsaröðinni í Traðarlandi. Frá Traðarlandi er aðgengi þeirra sem búa við götuna. Á gatnamótum Traðarlands og Stjörnugrófar er upphækkuð gangbraut yfir götuna sem tengir stíginn við gönguleið upp í Elliðaárdalinn.

4.3 Umferðaröryggi

Mikil umferð akandi, hjólandi og gangandi er í Víkinni og fer hún vaxandi á hverju ári. Aukinn umferðarþungi um svæðið hefur haft í för með sér að veruleg hættu á slysum hefur skapast fyrir gesti og gangandi um svæðið. Í Víkina kemur fjöldi gesta bæði á virkum dögum og um helgar. Hvort sem er til að horfa á félagsleiki, taka þátt í eða horfa á fótbolta- og handboltaleiki barna, stunda útihlaup og aðrar íþróttir á vegum félagsins.

4.4 Framtíðarsýn

Lagt er til að bílastæði vestanmegin við íþróttamannvirkin verði færð austan megin við húsið með aðkomu frá Stjörnugrófinni inn á núverandi Markarsvæði. Umferðargreining og leiðir til úrbóta hefur verið gerð á vegum VSÓ Ráðgjafar ehf. Er hún höfð hér til hliðsjónar.

Eftifarandi aðgerðir er lagt til að farið verði í:

- Lækka hámarkshraða í 30 km/klst í hluta af Stjörnugróf.
- Loka núverandi bílastæðaplani, vestan íþróttahúss.
- Loka 19 bílastæðum í Stjörnugróf og breikka gangstétt/aðlaga að umhverfinu. Með breyttri staðsetningu á inngangi má búast við að umferð virkra vegfarenda aukist í nágrenni við þessi bílastæði og því er lokun þessara bílastæða mikilvægt þáttur í því að auka umferðaröryggi.
- Með breyttri staðsetningu á inngangi í íþróttahús má reikna með að græna bílastæðaplanið austan íþróttahúss verði mun meira notað. Mikilvægt er að setja góða og skýra tengingu milli bílastæðaplansins og inngangsins.
- Á mynd 8 er sýnd tillaga að breyttri legu á bílastæðaplani austan íþróttahúss og tvær aðkomur í stað einnar. Talið er að sú aðgerð myndi bæta skýrleika og flæði á svæðinu. Þessi framkvæmd er þó ekki talin nauðsynleg, heldur mætti skoða einfaldari leiðir til að bæta skýrleika, t.d. með því að yfirborðsmerkja bílastæði í grasmottum, skiltun o.s.frv. Gert er ráð fyrir að fjöldi bílastæða á þessu plani verði áfram um 68.
- Teiknuð hefur verið tillaga að staðsetningu á nýju bílastæðaplani sunnan íþróttahúss. Heildarflatarmál bílansins er um 2.800m² og ef miðað er við 1 bílastæði per 25m² þá getur fjöldi bílastæða verið um 110. Heildarfjöldi bílastæða á svæðinu yrði þá 178 en fjöldinn í dag er 135. Græna bílastæðaplanið mun nýtast betur með breyttri staðsetningu á inngangi og því er líklegt að óparfi sé að byggja allt bílansins á sama tíma þó mikilvægt sé að vera með heildarskipulag fyrir endanlegt bílplan.
- Æskilegt væri að setja rútu- og sleppistæði á nýja bílastæðaplanið.
- Þegar stærri íþróttaviðburðir eru ætti að nota svipað skipulag og hefur verið notað undanfarið, þ.e. að benda fólki á önnur bílastæðaplön í nágrenni við svæðið. Auk þess að hvetja fólk til að nota aðra ferðamáta, þ.e. að ganga, hjóla eða nýta almenningssamgöngur.
- Fyrir gatnamótin Stjörnugróf/Traðarland eru settar fram tvær tillögur. Annars vegar kemur til greina að halda áfram tveimur núverandi hraðahindrunum í Stjörnugróf og að auki setja fjórar gangbrautir. Hins vegar kemur til greina að hafa upplyft/hækkuð gatnamót.
- Í tillögu að breyttu götupversniði fyrir Traðarland er gert ráð fyrir að gangstétt sé beggja vegna götu, auk hjólastígs með tvístefnu sunnan megin. Með þessari

breytingu væri komin samfella í stígakerfið, þ.e. aðskildir göngu- og hjólastígar nánast alla leið milli Elliðaárdals og Ægissíðu. Með tilfærslu á aðalbílastæðaplani verður engin bílaumferð í Traðarlandi sem þarf að þvera stíginn á þessum kafla sem bætir umferðaröryggi á svæðinu. Hins vegar getur þessi breyting aukið öryggistilfinningu hjólandi og þá leitt til meiri hraða á gatnamótunum og huga þarf að því í hönnun.

5 Fylgiskjöl

- *Erindisbréf Borgarstjóra*
- *Samþykkt borgarráðs varðandi Markarsvæði*
- *Knattspyrnufélagið Víkingur. Stefna og framtíðaruppbygging. Skýrsla unnin fyrir aðalstjórn félagsins 2018*
- *Knattspyrnufélagið Víkingur. Samantekt sviðsmynda. Lykilþættir.*
- *Viljayfirlýsing. Knattspyrnufélagið Víkingur - starfsemi í Safamýri*
- *VSÓ Ráðgjöf ehf. umferðargreining*
- *Víkingur – drög að forsögn (2015)*
- *Víkingur – frumáætlun stærða á nýrri tengibyggingu*
- *Hverfisfélag - skilgreining*

**Frumáætlun – skýringartexti*


Forsendur þessarar fyrstu áætlunar eru – Forsögn, - Frumteikningar og reynslutölur á grundvelli fermetra og/eða rúmmetraverða. Við gerð kostnaðaráætlunar er alltaf um að ræða einhverja óvissu. Kostnaðaráætlunin er á öllum stigum hönnunar áætlun um líklegasta kostnað. Almennt er óvissa við gerð frumáætlunar -25% og +35%, en í þessu tilviki er um meiri óvissu að ræða m.a. vegna þess að ekki eru metin áhrif þátta eins og

- Breytt skipulag og deiliskipulag (*húsagata, gangstígar, bílastæði, hjólastígar, garðyrkjustöð, skógrækt*)
- Fráveitumál
- Nákvæm ástandsúttekt mannvirkja (*aðgengismál, öryggismál, burðarþol, loftræsing, pípulagnir, fúí ofl.*)
- Stýrikerfi (*nettengingar ofl.*)
- Kostnaðaráætlunin nær til efnis-, vinnu- og vélakostnaðar við alla þætti þ.e. húsasmíði, múrverk, pípulögn, raflögn, blikk- og járnsmíði, málun, dúkalögn og veggfóðrun, vélavinnu, akstur, verkstjórn, ýmis verkamannavinna, teikningar, fastan frágang lóðar, opinber gjöld, bráðabirgða hita og rafmagn, vinnuskúra o.fl. Undirbúningur, hönnun, umsjón og eftirlit er innifalið í áætluninni. Ítrekað er að áætlunin er ekki gerð á grundvelli nákvæmrar sundurliðaðra kostnaðartala heldur á fermetra- og rúmmetraverði.

Skýrsla starfshóps um framtíðarsýn Knattspyrnufélagsins Víkings

Reykjavík, 20.09.2018

Björn Einarsson, formaður Víkings




Vilhjálmur J. Árnason, varaformaður Víkings




Frímann Ari Ferdinandsson, Íþróttabandalag Reykjavíkur



Jón Valgeir Björnsson, Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar (formaður starfshópsins)




Rúnar Gunnarsson, Umhverfis- og skipulagssvið



Steinþór Einarsson, Íþróttta og tómstundasvið



Helgi Eysteinnsson, Íþróttafélagið Víkingur



Starfsmaður Anna María Benediktsdóttir, Umhverfis- og skipulagssvið





ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðaruppbyggingu Knattspyrnufélagsins Víkings

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Árið 2008 veitti Reykjavíkurborg Knattspyrnufélaginu Víkingi fyrirheit um aukið landsvæði í Mörkinni. Árið 2012 ritaði knattspyrnufélagið Reykjavíkurborg bréf með ósk um viðræður vegna þessa fyrirheits og jafnframt að ræða frekari uppbyggingu fyrir félagið þegar aðstæður til þess væru fyrir hendi. Var erindinu vísað til skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og íþrótt- og tómstundasviðs sem hafa átt í viðræðum við Víking. Frá þeirri vinnu liggja ýmis gögn sem mikilvægt er að starfshópurinn kynni sér og nýti inn í þá vinnu sem að framundan er. Á fjárfestingaáætlun eru einnig fjármunir til endurbóta á svæði félagsins, bæði vegna grasæfingasvæðis og tennisvalla. Eins hefur fjármunum verið veitt til endurbóta á félagshúsinu.

Hlutverk:

Starfshópnum er ætlað að gera tillögur um framtíðaraðstöðu fyrir Knattspyrnufélagið Víking og gera tillögu að samstarfssamningi við félagið þar sem m.a. verði lögð áhersla á góða nýtingu mannvirkja og þjónustu við íbúa varðandi almenna heilsuefingu. Jafnframt að skoða aðstöðumál félagsins í heild sinni ásamt því að skoða aðkomu að svæðinu og koma með tillögur til úrbóta.

Helstu verkefni:

- Að huga að heildarskipulagi svæðis Víkings í Mörkinni og aðkomu að því. Skoða það jafnframt í samstarfi við Kópavogsbæ og kanna hvort raunhæft sé að bæta aðkomu að svæðinu. Endurskoðun á deiliskipulagi Fossvogsdals er í gangi og mikilvægt að starfshópurinn tengist þeirri vinnu.
- Að vinna þarfagreiningu fyrir íþróttastarfsemi Víkings og greina út frá því hvaða fjárfestingar slík þarfagreining kallar á. Í tengslum við þarfagreiningu Víkings skal starfshópurinn skoða hvort rétt sé að félagið taki að sér að þjónusta stærra svæði en nú er. Í því sambandi skal horfa til íþróttasvæðis í Safamýri en nú hafa náðst samningar við Knattspyrnufélagið Fram um að flytjast í Úlfarsárdal. Jafnframt skal skoða hvort flötur er á samstarfi við Kópavogsbæ um Fagralund. Enn fremur skal hópurinn horfa til nýrra hverfa sem Víkingur getur með góðu móti þjónustað.
- Að vinna mismunandi sviðsmyndir til lausna fyrir félagið og kostnaðargreina hverja sviðsmynd fyrir sig til samanburðar.
- Að vinna endurbóta- og viðhaldsáætlun á þeim mannvirkjum sem félagið á í dag.
- Að skoða hvort nýta megi mannvirki Víkings fyrir aðra þjónustu Reykjavíkurborgar og styrkja þannig hverfisþjónustuna.

Starfshópurinn skipa:

Jón Valgeir Björnsson, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (formaður).

Steinþór Einarsson, íþrótt- og tómstundasviði.

Rúnar Gunnarsson, umhverfis- og skipulagssviði.
Björn Einarsson formaður Víkings og Vilhjálmur J. Árnason varaformaður Víkings.
Frímann Ferdinandsson, Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Starfsmaður:

Hópurinn hefur heimild til að ráða sér verkefnisstjóra. Kostnaður færist á biðreikning hjá skrifstofu eigna og atvinnuþróunar.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn vinni hagsmunaaðilagreiningu sem síðan verði lögð til grundvallar því samráði og samstarfi sem þarf að hafa vegna vinnu hópsins.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2018.

Reykjavík, 30. október 2017



Dagur B. Eggertsson

Knattspyrnufélagið Víkingur

Stefna og framtíðaruppbygging



**Skýrsla unnin fyrir aðalstjórn
félagsins 2018**

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Grunnálgun.....	5
Almennt um Knattspyrnufélagið Víking	6
Núverandi aðstaða félagsins	8
Stækkun á athafnasvæði Víkings	24

Útdráttur

Undir lok árs 2017 var skipaður starfshópur samkvæmt erindisbréfi Borgarstjóra Reykjavíkur sem fékk það verkefni að skoða aðstöðumál hjá Knattspyrnufélaginu Víking og breytingar á athafnasvæði félagsins. Í meðfylgjandi skýrslu er farið yfir nokkur af þeim álitaeftum sem rætt var um á fundum hópsins, en meginniðurstöður eru eftirfarandi:

Íþróttahús og félagsaðstaða Víkings var byggð fyrir u.þ.b. þrjátíu árum. Viðhaldi á húsnæði hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Klæðningar utan á húsi eru farnar að losna af og þak og rennur þarf víða að laga. Innréttingar eru víða orðnar illa farnar. Þegar Víkin var byggð var gert ráð fyrir stækkun húsnæðis síðar. Rými vantar undir skrifstofu, búningsklefa, geymslu ofl. Öll rými í kjallara eru niðurgrafin og birta sem berst inn er takmörkuð. Lyftingaaðstaða, karatesalur og aðstaða fyrir frístundastarf er í þeim rýmum og standast vart nútímakröfur.

Æskilegt er að hugað verði að úrbótum á húsnæði og möguleikum til uppbyggingar um leið og farið er í þær framkvæmdir. Tveir kostir eru fýsilegastir varðandi stækkun. Uppbygging á nýrri hæð eða tengibygging sem myndi tengja félagsaðstöðuna við stúkubygginguna. Tengibygging hefði minni áhrif á nánasta umhverfið, hægt er að fá meira pláss, auka nýtingu á núverandi húsnæði og breyta aðkomu að mannvirkjum félagsins.

Félagið vill í tengslum við nýja tengibyggingu kanna möguleika á að byggja 3. hæð ofan á hina nýju tengibyggingu. Það yrði annaðhvort gert í samráði við Reykjavíkurborg eða í einkaframkvæmd.

Á útisvæði eru knattspyrnuvelli félagsins, tennisvelli, bílastæði og stúka sem stendur við aðalvöll félagsins. Æskilegt væri að iðkendur knattspyrnu hefðu aðgang að inniaðstöðu, yfirbyggðu gervigrasi, til að stunda æfingar yfir kaldasta tímann. Æskilegt væri að slíkt mannvirki væri fjölnota og aðstaða nokkuð fjölbreytt. Lagt er til að slíkt mannvirki rísi í framtíðinni á Markarsvæðinu í tengslum við nýja tengibyggingu.

Félagið leggur áherslu á að færa núverandi bílastæði sem eru við Traðaland, en á háannatíma fyllist aðalbílastæðið og ökumenn leggja bílum sínum meðfram Traðarlandinu. Þetta er til óþæginda fyrir íbúa hverfisins og af þessu skapast slyshætta. Göngluleiðir fyrir iðkendur að íþróttaaðstöðu liggja síðan um aðalbílastæði félagsins og engin aðkoma er fyrir þá sem eru að keyra iðkendur. Betra væri að hafa aðkomu frá Stjórngrófinni inn á núverandi svæði Gróðrastöðvarinnar. Þar verður rýmra um aðkomu og álag á Traðaland sem er íbúagata minnkar. Ætla má að álagsstæði austan við Vík verði einnig betur nýtt.

Víkingur legur áherslu á að byggja upp aðstöðu og starf sem stuðlar að almennri heilsuefingu fyrir alla íbúa í þeim hverfum sem Víkingur þjónar. Félagið telur eðlilegast að ný sundlaug verði reist í í tengslum við mannvirki Víkings. Ætla má að með því að hafa alla hreyfitengda þjónustu hverfisins á einum stað skapist ákveðin stærðarhagkvæmni. Einnig má ætla að það styrki samfélagsandann ef allir íbúar, ungir sem aldnir, sækja þjónustu á einum stað.

Víkingur skilgreinir sig sem öflugt hverfisfélag sem þjónar í dag Bústaðahverfi, Fossvogi og hluta af Háaleiti, en íbúar á þessu svæði eru 11-13.000 og þar eru þrjú grunnskólar með um 1.100 nemendum. Víkingur er í dag félag sem er með hvað fæsta íbúa á bak við sig og fæsta nemendum. Félagið vill ráða bót á þessu með því að koma inn á það svæði sem Fram áður

Þjónaði í Safamýri og einnig vill félagið þjóna íbúum í nýjum hverfum sem byggð verða upp við Elliðaárvog. Víkingur vill einnig kanna möguleika á því nýta aðstöðu í Fagralundi og þjóna iðkendum fyrir neðan Nýbýlaveg í Kópavogi. Markmiðið er að upptökusvæði Víkings verði samsvarandi að stærð í framtíðinni og svæði helstu hverfisfélaga í Reykjavík og félagið væri þannig að þjóna svæði sem væri með 2.000-2.500 nemendum og 20-26.000 íbúum.

Félagið vill geta boðið yngri iðkendum upp á æfingar í nærumhverfi. Keppnisaðstaða mismunandi greina yrði einungis byggð upp á þar sem heppilegast er að byggja upp slíka aðstöðu með tilliti til núverandi mannvirkja.

Félagið vill að lokum taka þátt í að stuðla að sem mestri samfellu milli skóla- og frístundastarfs með því að bjóða upp á aðstöðu og valmöguleika fyrir breiðari hóp en félagið hefur verið að þjóna í einhvers konar hverfismiðstöðvum.

Grunnálgun

Meðfylgjandi eru hugmyndir um ákveðna grunnálgun í tengslum við starfsemi Víkings. Ákveðin grunnviðmið sem tryggja eiga öfluga starfsemi og góða þjónustu fyrir íbúa á þeim svæðum sem félagið þjónar:

Víkingur vill tryggja að boðið sé upp á öflugt og fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf á því svæði sem félagið þjónar. Í samvinnu við Reykjavíkurborg vill félagið byggja upp aðstöðu sem endurspeglar metnað og framsýni.

Með því að móta skýra stefnu til langs tíma er tryggt að félaginu verði gert kleift að sinna hlutverki sínu sem eins af lykilaðilum í hverfisþjónustu með það að markmiði að efla og bæta lífsgæði íbúanna.

Víkingur vill stuðla að almennri heilsuefingu á því svæði sem félagið er að þjóna og vill tryggja að sem flestir fái tækifæri til að stunda reglubundið íþrótt- og tómstundastarf undir leiðsögn fagfólks.

Víkingur vill stuðla að aukinni samvinnu milli helstu þjónusutuaðila í hverfinu og þannig tryggja að þjónusta við íbúa verði til fyrirmyndar.

Víkingur vill í samvinnu við Reykjavíkurborg stuðla að sem mestri samfellu milli skóla- og frístundastarfs á því svæði sem félagið þjónar.

Allir eiga að hafa aðgang að aðstöðu Víkings óháð aldri, kyni eða þjóðfélagsstöðu. Mikilvægt er að nýting mannvirkja sé sem mest.

Víkingur vill að iðkendur, sérstaklega yngri iðkendur, geti sótt þjónustu í nærumhverfinu. Í þeim tilvikum þar sem það er ekki hægt, verði tryggt að samgöngur um hverfið séu greiðar með strætisvögnum eða með sérstökum frístundabíl.

Víkingur vill geta boðið upp á þjónustu fyrir eldri iðkendur með því að halda úti öflugri almenningsíþróttadeild. Félagið leggur áherslu á að Reykjavíkurborg sinni vel uppbyggingu og viðhaldi á að göngu- hlaupa og hjólastígum í nærumhverfi félagsins.

Víkingur leggur upp úr góðum árangri og metnaðarfullu starfi, en árangur starfs á að vera mældur í fleiru en titlum t.d. út frá iðkendamálum, ánægju íbúa og iðkenda og því hversu vel iðkendur haldast í starfinu.

Víkingur vill geta tryggt að hæft starfsfólk sinni starfsemi félagsins og að tekið sé af festu og fagmennsku á öllum áskorunum sem slíku starfi geta fylgt.

Félagið vill hafa stjórnendur sem tryggja að aðstaða og fjárhagsleg og félagsleg umgjörð sé fyrsta flokks. Fagfólk sem getur stuðlað að líkamlegum framförum iðkenda og færni, metið álag og tekist á við meiðsli með það að markmiði að draga úr meiðslum og tryggja rétta meðhöndlun. Starfsfólk sem getur tekist á við sálfræðilega, siðferðilega og félagslega þætti sem miða að því að byggja upp betri manneskjur, bæta samskipti og koma í veg fyrir einelti og áreitni.

Almennt um Knattspyrnufélagið Víking



Knattspyrnufélagið Víkingur er eitt elsta íþróttafélag landsins, en það var stofnað 21. apríl 1908. Félagið heldur því á árinu upp á 110 ár afmæli. Árið 1976 fékk Víkingur úthlutað núverandi svæði sem gengur undir nafninu Víkin, en uppbygging hófst þar töluvert síðar. Félagið flutti þá starfsemi sína úr Hæðargarði þar sem félagið hafði haft aðstöðu síðan 1953, en fram til þess tíma var Víkingur miðbæjarfélag.

Knattspyrnufélagið Víkingur skilgreinir sig sem öflugt hverfisfélag sem þjónar í dag Bústaðahverfi, Fossvogi og hluta af Háaleiti. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni eru rúmlega 11.000 manns sem búa í Bústaðahverfi og Fossvogi, en Víkingshverfið nær aðeins út fyrir þau mörk og því má ætla að félagið sé að þjóna í dag um 13.000 íbúum. Þrír grunnskólar eru á þessu svæði og er fjöldi nemenda í þessum skólum um 1.100. Skólarnir þrír eru Breiðagerðis- og Fossvogsskóli sem eru fyrir nemendur frá 1 og upp í 7 bekk og Réttarholtsskóli sem er safnskóli fyrir nemendur í 8-10 bekk.

Í hnotskurn

- 11-13.000 íbúar sem félagið þjónar
- 1.500 áhorfendur sem sækja stærstu leiki hjá mfl. karla í knattspyrnu
- 1.500-3.000 sækja stærstu viðburðir í Víkinni
- 1.200 iðkendur sækja reglulega æfingar hjá Víking
- 100 krakkar koma dag hvern á frístundaheimili
- 7 deildir starfa innan vébanda Knattspyrnufélagsins Víkings
- Knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, skíðadeild, karatedeild, borðtennisdeild, tennisdeild og almenningsíþróttadeild

Félagið vill vera virkt afl á því svæði sem það þjónar og stendur fyrir fjölsóttustu viðburðunum í hverfinu. Að jafnaði sækja um 1.000-1.500 áhorfendur stærstu leiki hjá meistaraflokki karla í knattspyrnu. Stærstu viðburði íþróttafélagsins í Víkinni sækja allt að 1.500-3.000 manns, en þetta eru atburðir eins og Arionbankamótið og hátíðardagskrá sumardaginn fyrsta.

Um það bil 1200 iðkendur sækja reglulega æfingar hjá Víkingi, en 7 deildir starfa innan vébanda félagsins í dag, knattspyrnudeild, handknattleiksdeild, skíðadeild, karatedeild, borðtennisdeild, tennisdeild og almenningsíþróttadeild. Þó félagið leggi áherslu á hverfistengingu eru þrjár deildir innan félagsins ekki með nema takmarkað starf í hverfinu það er skíðadeildin, borðtennisdeildin og tennisdeildin. Tvær fyrstnefndu deildirnar eru alfarið með starfsemi sína annars staðar, en tennisdeildin er með hluta af sínu starfi í Kópavogi.

Auk ofangreindra deilda er boðið upp á fjölbætta starfsemi af ýmsum toga. Innan félagsins starfar skáklúbbur og dag hvern koma um 100 krakkar á frístundaheimili sem er með aðstöðu í kjallara í félagsaðstöðu. Deildir félagsins eru með sumarnámskeið og Víkingur er auk þess með Íþróttaskóla sem ætlaður er börnum á aldrinum 2-5 ára. Þar er haft að leiðarljósi að efla skyn- og hreyfiproska barnanna og kenna þeim að taka tillit hvort til annars. Víkingur hefur byggt upp öflugan almenningsíþróttadeild, en innan hennar eru starfandi hópar sem stunda hlaup, skokk, hjólríðar, jóga, hugleiðslu osfrv. Hópur eldri borgara hefur einnig aðstöðu í Víkinni og stundar þar leikfimi og almenna hreyfingu. Félagsstarf af ýmsum toga er rekið í Víkinni. Vikulega kemur saman stór hópur af eldri Víkingum í getraunakaffi og árlega stendur félagið fyrir þorrablóti og kvenna- og karlakovöldi sem notið hafa vinsælda.

Félagið er rekið með styrkjum frá Reykjavíkurborg, sjálfsaflafé og iðkendagjöldum. Undir hatti aðalstjórnar félagsins eru sex fastir starfsmenn, framkvæmdastjóri, íþróttastjóri, verkefnisstjóri, bókari, vallarstjóri og húsvörður. Einnig starfa hjá félaginu fjölmargir þjálfarar og á ári hverju sinna iðkendur og aðstandendur þeirra fjölbættu sjálfbóðaliðastarfi til að tryggja öflugan starfsemi. Slíkt starf er þroskandi fyrir iðkendurna og styrkir tengsl foreldra og íbúa í hverfinu.



Núverandi aðstaða félagsins



Athafnasvæði Víkings í Fossvogi.

Árið 1976 fékk Víkingur formlega úthlutað svæði við Traðarland neðst í Fossvogsdal. Fimm árum síðar var svæðið ræst og æfingar hófust á svæðinu 1984. Heildarstærð lóðar Víkings að Traðarlandi er í dag 53.000 m² þar af eru um 9000 m² í landi Kópavogs.

Íþróttahús og félagsaðstaða

Árið 1988 hófst fyrsti áfangi uppbyggingar mannvirkja með því að hafin var bygging 1500 m² félagsheimilis. Síðari áfanga uppbyggingar lauk með byggingu íþróttahúss árið 1991 og bættust þá við 1900 m². Íþróttasalurinn í Víkinni er 44x33 metrar og tekur um 1.250 áhorfendur. Hægt er að skipta honum í tvennt með tjaldi. Framan af degi er salurinn fremur lítið nýttur, en eitthvað er þó um útleigu og einnig eru eldri borgarar reglulega með leikfimitíma í salnum. Er líða fer á daginn og fram á kvöld er hann aðallega nýttur undir starfsemi handknattleiksdeildar félagsins og þar fara fram heimaleikir félagsins.

Við íþróttasal næst Markarsvæði er svokölluð tengibygging, en á handknattleiks og knattspyrnukappleikjum er þar miða- og veitingasala og salernisaðstaða. Á veturna er tengibyggingin einnig nýtt fyrir styrktaræfingar og stöðvþjálfun af ýmsum toga.

Á annarri hæð félagsaðstöðunnar er gengið inn frá Traðarlandi, en einnig er hægt að ganga út á íþróttaleikvanginn. Við innganginn er móttaka, aðstaða fyrir húsvörð og salur sem snýr til suðurs. Frá anddyri er tenging við kjallara og sjónrænn ás í íþróttahúsið. Þar hefur einnig verið komið fyrir verðlaunagripum félagsins.

Frá anddyri er einnig tenging við samkomusal sem nýtist fyrir félagsfundi, samkomur og fyrir áhorfendur íþróttaleikja. Við salinn er lítið eldhús. Á hæðinni eru einnig 5 búningsherbergi, snyrtingar, geymslur, herbergi fyrir dómara, og skrifstofuaðstaða félagsins. Sú aðstaða er í 3 rýmum sem upphaflega áttu að vera búningsherbergi. Framkvæmdastjóri félagsins ásamt íþróttastjóra, bókara og verkefnisstjóra eru með starfsstöðvar í tveimur af þessum rýmum, en í einu rýminu er aðstaða fyrir þjálfara og deildir félagsins.

Í kjallara er í dag alhliða æfingasalur sem nýttur hefur verið undir æfingar Karatedeildar og tækjasalur sem er aðallega nýttur af iðkendum knattspyrnu- og handknattleiksdeildar. Þar er einnig fundarherbergi og fjölnotasalur, svokallaður Berserkjasalur, sem nýtist að hluta til sem frístundaheimili og fyrir fundi hjá félagsmönnum, en almenningsíþróttadeild hefur einnig verið með hjólaæfingar í salnum. Loks er að finna í kjallara 2 búningsherbergi, snyrtingar og geymslur. Frá kjallara er aðgengi að íþróttasvæðinu og inn í íþróttahús félagsins.

Á sínum tíma var gert ráð fyrir að þriðja hæðin yrði byggð yfir hluta hússins, en þar átti skrifstofa félagsins m.a. að vera. Öll leyfi fyrir þessari uppbyggingu eru þannig til staðar.

Útisvæði

Á útisvæði eru knattspyrnuvelli félagsins, tennisvelli, bílastæði og eins konar torg sem er á milli stúku og félagsaðstöðu, en á knattspyrnukappleikjum er þar útigrill og veitingasala. Aðalvöllurinn var tekinn í notkun árið 2001 og stendur suður af félagsaðstöðu. Um er að ræða grasvöll 120x90m. Við völlin stendur yfirbyggð stúka sem Víkingur tók í notkun árið 2004 og tekur hún um 1100 manns í sæti. Í stúkunni er geymslurými fyrir áhöld og tæki. Kostnaður við stúku nam 65-70 milljónum kr. En hún var að mestu reist fyrir sjálfsaflafé. Árið 2016 var hafist handa við byggingu sem stendur við aðalvöll og inniheldur geymslur á vallahæð, blaðamannastúku á annarri hæð og á þaki mannvirkis eru upptökusvalir fyrir fjölmiðla. Til beggja handa eru svo 7 metra löng varamannaskýli með skyggni, allt að 3 metra há. Vestan við aðalvöll er grasæfingarsvæði sem er 130-110 m eða samtals 14.300 m². Til hefur staðið að laga þetta svæði og bauð Reykjavíkurborg út það verk 2018. Syðst á svæðinu er svo upplýstur gervigrasvöllur 105x68 m sem nýlega hefur verið endurnýjaður. Víkingur hefur verið í samstarfi við HK í tengslum við rekstur meistaraflokks og 2 flokk kvenna og hafa þeir flokkar verið með aðstöðu bæði í Víkinni og Kórnum í Kópavogi.

Tennisdeild er með starfsemi í Víkinni yfir sumarmánuðina, en yfir veturinn er deildin með æfingar í Tennishöllinni í Kópavogi. Í Víkinni voru reistir sumarið 1988 fjórir hardcourt tennisvelli sem standa við Traðarland. Sumarið 1995 var tveimur vallanna breytt í gervigrasvelli. Gert er ráð fyrir 6 flóðlýstum völlum á svæði sem er 3880 m². Framkvæmdir standa nú yfir á tennissvæði Víkings með það að markmiði að koma völlum í gott ástand. Áætlað er að framkvæmdum ljúki með vorinu og vellirnir verði tilbúnir fyrir sumarið 2018.

Bílastæði - Aðkoma að húsi

Á milli vallahúss og grasæfingarsvæðis eru 58 malbikuð bílastæði fyrir daglega notkun húsa og valla. Meðfram Traðarlandinu er einnig göngustígur og hjólastígur. Hjólastígurinn er staðsettur í götunni en gönguleiðin er meðfram húsaröðinni í Traðarlandi. Frá Traðarlandi er aðgengi þeirra sem búa við götuna. Á gatnamótum Traðarlands og Stjörnugrófar er upphækkuð gangbraut yfir götuna sem tengir stíginn við gönguleið upp í Elliðaárdalinn.

Austan Stjörnugrófar eru svo álagsstæði sem nýtt eru bæði af þeim sem sækja starfsemi í Víkinni og eins þeim sem eru að fara að ganga í Elliðaárdal.


Önnur aðstaða

Karatedeild hefur síðasta árið haft aðstöðu í Breiðagerðisskóla. Lekavandamál komu upp í því rými sem áður hýsti deildina í Víkinni. Framkvæmdir standa yfir sem eiga að koma í geg fyrir að raki verði viðvarandi vandamál. Borðtennisdeild Víkings flutti árið 1990 úr íþróttahúsi Fossvogsskóla í TBR-Íþróttahúsið og er þar með alla sína starfsemi. Þar er félagið með 15 uppistandandi borð á um 500 fermetra fleti. Loks er skíðadeild félagsins með aðstöðu í

skíðaskálanum Hengli. Skálinn var byggður 2009 og er í eigu skíðadeilda ÍR og Víkings. Hann rúmar í allt 90 manns í gistingu.

Umferð um hverfið/Samgöngur

Bústaðavegur liggur í gegnum mitt Víkingshverfið. Engin göngubrú eða göng eru yfir þessa miklu umferðagötu. Gangandi og hjólandi umferð fer yfir á gönguljósum sem staðsett eru á nokkrum stöðum á veginum. Vegna hæðarmismunar á svæðinu hefur reynt erfitt að staðsetja göngubrú/örugga þverun yfir veginn, en það hefur verið eitt af aðaláherslumálum íbúa hverfisins í fjölda ára.



Helstu umferðarmannvirki í og við Bústaða- og Fossvogshverfi

Úrlausnarefni og úrbætur

Félagsaðstaða og íþróttahús

Úrlausnarefni

Víkin var byggð árið 1991 í samræmi við þarfir þess tíma, en aðstaða í kjallara var tekin í notkun síðar. Almenn er auðvitað töluvert álag á mannvirkjum af þeim toga sem er í Víkinni og nokkuð stöðug viðhaldsþörf. Allar stærri viðhaldsaðgerðir hafa þó verið látnar sitja á hakanum vegna fjárskorts. Inréttingar eru víða orðnar snjáðar og hafa illa staðist tímans tönn. Klæðningar utan á húsi eru farnar að losna af og þak og rennur þarf víða að laga.

Í íþróttasal eru áhorfendabekkir orðnir lélegir og standast ekki öryggiskröfur sem gerðar eru til slíkra bekkja. Parket á gólfi er víða orðið mjög slitnið og illa farið. Lýsing í salnum er ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í dag, en fljótlega verður farið í að lagfæra hana í samvinnu við Reykjavíkurborg.



Búningsklefa vantar í húsið til að mæta álagstoppum. Oft koma upp vandræði með að fá klefa á álagstímum og eru þá öll rými í húsinu nánast nýtt þ.m.t salerni. Ef vel á að vera þyrftu að vera að lágmarki 12 búningsklefar í Víkinni, en þeir eru í dag 7. Búningsklefar eru orðnir nokkuð snjáðir og aðstaða fyrir meistaraflokka er takmörkuð. Í óformlegri könnun sem gerð var nýlega meðal leikmanna í efstu deild í knattspyrnu voru búningsklefarnir í Víkinni kjörnir þeir verstu í deildinni.

Lyftinga- og æfingaaðstaða í kjallara er í rými sem er engan veginn hentugt fyrir starfsemi af þessum toga. Rýmið er niðurgrafið, gluggar litlir og aðstaðan er öll mjög hrá og miðað við nútímakröfur á hún á mörkum þess að vera boðleg.

Skrifstofuaðstaða er á gangi þar sem eru búningsklefar. Skrifstofurnar eru í rými sem var hannað sem búningsklefar og væri betra að rýmið væri nýtt í þeim tilgangi.

Bæta má aðstöðu verulega í frístundaheimili sem er starfrækt í félagsaðstöðu, í svokölluðum Berserkjasal og gera hana vistlegri. Salurinn er einnig töluvert niðurgraffinn og gluggasetning er ekki hentug.

Geymsluaðstaða er almennt ófullnægjandi. Geymslurými í sjálfu húsinu er takmarkað og ekkert af þeim rýmum sem er verið að nota er hannað til að þjóna þeim tilgangi.

Eins og fram kom hér að framan eru nokkrar deildir félagsins ekki með aðstöðu í Víkinni. Borðtennisdeild félagsins er rekin út í bæ í öðru hverfi og karatedeild hefur verið með aðstöðu í Breiðagerðisskóla meðan fjölnotasalur sem deildin hefur nýtt er lagfærður. Sá salur er sama marki brenndur og aðrir salir í kjallara. Hann er niðurgraffinn og birtan sem berst inn er takmörkuð. Yfir vetrarmánuðina er tennisdeildin með sína starfsemi í Kópavogi, en nú er verið að lagfæra útivellina sem eru notaðir yfir sumartímamann. Tennisdeildin hefur síðan verið með litla inniaðstöðu í skúrum við tennisvellina, en þar hefur verið geymslurými og

skiptiaðstaða fyrir iðkendur. Lítil prýði hefur verið af þessum skúrum og vegna þess að þeir standa einir og sér er algengt að skemmdir séu unnar á þeim. Þessir skúrar hafa nú verið fjarlægðir, en fyrir vikið er deildin ekki með neina aðstöðu við vellina.


Úrbætur

Kominn er tími á að farið sé að sinna stórum viðhaldsverkefnum í tengslum við félagsaðstöðu og íþróttasal í Víkinni. Æskilegt er að hugað verði að úrbótum á húsnæði og möguleikum til uppbyggingar um leið og farið er í þær framkvæmdir. Til að mæta þörfum í tengslum við búningsaðstöðu, skrifstofurými, félagsaðstöðu, geymslurými og nýja þjónustu þarf að stækka núverandi húsnæði.

Tveir kostir eru fýsilegastir varðandi slíka stækkun. Uppbygging á þriðju hæð eða ný viðbygging sem myndi tengja félagsaðstöðuna við stúkubygginguna. Uppbygging tengibyggingar er að öllum líkindum vænlegri kostur. Bygging ofan á núverandi húsnæði væri að öllum líkindum fremur flókin og erfið framkvæmd sem myndi hafa töluvert rask í för með sér fyrir almenna starfsemi og fyrir íbúa í nágrenninu.

Allt skipulag í tengslum við nýja tengibyggingu yrði viðráðanlegra og uppbygging færi fram í skjóli félagsaðstöðu. Slík uppbyggingu hefði þannig minni áhrif á nánasta umhverfið. Með nýrri tengibyggingu er hægt að fá meira pláss, auka nýtingu á núverandi húsnæði og breyta aðkomu að mannvirkjum félagsins. Ný og betri aðkoma yrði frá Markarsvæðinu og þar yrðu ný bílastæði. Núverandi bílastæði við Traðarland yrðu lögð niður og þar gerður fjölnotaíþróttavöllur.

Í nýrri tengibyggingu yrði aðalinngangur félagsins. Þar væri gengið inn í anddyri/forrými, eins konar torg, en frá þessu torgi liggja leiðir til allra átta inn í félagsaðstöðu, búningsklefa, íþróttahús og inn í miðja stúku. Hægt yrði að hafa í þessu rými miðasölu eða veitingaaðstöðu, eldhús og aðstöðu fyrir ræstingu og húsvörð. Í tengibyggungunni væru 2



Yfirlitsmynd sem sýnir núverandi mannvirki, nýja aðkomu og tengibyggingu. Fjölnota hús og leiksvæði fyrir safnfrístund

búningsklefar sem væru vegna leikja á aðalvelli félagsins. Þar yrði föst aðstaða fyrir meistaraflokk og búningsklefi fyrir aðkomulið. Hægt yrði að ganga beint úr þessari aðstöðu út á aðalvöllinn. Í tengibyggingu væri auk þess komið upp skrifstofuaðstöðu og fundarherbergjum bæði fyrir almenna fundi og liðsfundi og þar yrði einnig starfsmannaaðstaða. Í öðrum áfanga framkvæmdanna er tenging við hugsanlegt fjölnotahús og í framtíð tenging út í sundlaug og búningsaðstöðu sem væri henni tengd og hugsanlega líkamsræktarstöð.

Með flutningi skrifstofu af búningsherbergjagangi á fyrstu hæð yfir í tengibyggingu yrðu til tvö búningsherbergi með sturtu í því rými sem nú hýsir skrifstofurnar. Skrifstofurými í tengibyggingu yrði hannað út frá nútímalegum hugmyndum um vinnuaðstöðu í skrifstofurými og þar yrði einnig góð fundaraðstaða bæði fyrir þá sem sinna daglegum rekstri og eins fyrir þjálfara og iðkendur. Í nýrri tengibyggingu væri einnig æskilegt að hafa geymslur fyrir áhöld og útbúnað og skjala – munageymsla.

Í tengibyggingu væri möguleiki að koma fyrir lyftinga- eða líkamsræktaraðstöðu. Jafnvel í samráði við fyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri slíkra eininga. Í svokölluðum karatesal í kjallara væri hægt að innrétta æfingasal með dúk sem gæti nýst við æfingar karatedeildar, en einnig fyrir þrekæfingar yngri iðkenda, jóga eða sem íþróttasal fyrir eldri borgara fyrri hluta dags. Í þessum sal væri hægt að vera með þrekhjól og koma upp rimlum fyrir æfingar almenningsíþróttadeildar. Líklegt er að aðgengi úr nýrri tengibyggingu í núverandi byggingu verði í gegnum karatesalinn þannig að hann myndi væntanlega minnka um sem nemur þessari gönguleið. Til að gera salinn vistlegri almennt væri best að síkka glugga á honum og grafa frá húsinu til þess að bæta birtuskilyrðin.

Í núverandi veislusal má hugsa sér almenna félags- og fundaraðstöðu, en einnig væri gott að hafa parketlagðan sal fyrir danskennslu eða aðra tólmstundaiðkun.



Með tilkomu nýrrar tengibyggingar skapast möguleiki á að flytja hluta af félagsstarfi Víkings úr svokölluðum Berserkjasal. Við það væri hægt að setja meiri fókus á rekstur frístundaheimilis í því rými. Í raun væri hægt að setja undir frístundaheimili allt rými sem er vinstra megin við gang í kjallara hússins, en eins og fram kom hér að ofan myndi t.d. lyftingaaðstaða flytjast úr kjallaranum. Eins og í karatesal er mikilvægt að gluggar verði síkkaðir og grafið verði frá rýminu til að bæta aðgengi og auka birtuskilyrði.

Ef frístund yrði með fasta aðstöðu í byggingunni er mjög mikilvægt að bæta umhverfi þeirra barna sem hafa áhuga á annarri hreyfingu en hefðbundnum boltaíþróttum. Á núverandi bílastæði væri hægt að skapa slíka útiaðstöðu, en einnig má velta fyrir sér hvort ekki geti verið skemmtilegt að innrétta rými í tengslum við frístundaaðstöðu sem gæfi börnum tækifæri til að efla hreyfiþroska og styrk. Æskilegt er einnig að kanna hvort ekki sé hægt að skapa aðstöðu fyrir þá sem hafa skerta hreyfigetu og gefa þeim hóp tækifæri til að reyna sig við bestu mögulegu aðstæður.

Mikilvægt er að farið sé í viðhald á gólfum í íþróttasal, en velta má fyrir sér hvort breyta eigi notkun á íþróttasal og uppleggi í tengslum við áhorfendaaðstöðu ef Víkingur tekur yfir mannvirki Fram í Safamýri. Ætla mætti að við þær breytingar myndu kappleikir í handbolta færast yfir í Safamýrina. Við slíka tilflutninga gætu skapast möguleikar til þess að þróa t.d. körfuknattleiksaðstöðu í Víkinni, en nokkuð hefur verið rætt um að Víkingur mæti auknum áhuga á þeirri íþrótt með einhverjum hætti.

<p>Búningsherbergi</p> <ul style="list-style-type: none"> • Meistaraflokkar 4 • Samnýttir klefar 8 (4 sturtur) • Dómarar/þjálfarar 2 (minni) • Sjúkraherbergi • Þvottaherbergi • Búningageymsla 	550 m²	<p>Samkomusalur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Staerð (tvískipting) 200-300 m² • Eldhús <p>Gera þarf ráð fyrir því að salurinn geti nýst til útleigu fyrir starfsemi ótengda Víkingi. Þetta bætur rekstrargrundvöll og hagkvæmni.</p>	275 m²
<p>Fundarherbergi/skrifstofur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Fundir stjórná og ráða • Kennararherbergi/leikmannafundur • 5 starfsmenn í fullu starfi • 6-8 vinnustöðvar til viðbótar <ul style="list-style-type: none"> ○ Þjálfarar ○ Deildir ○ Iðkendur (T.d. heimanám) • 2 Samtalsherbergi(1-2ja manna fundarherbergi) • Skjala- og munageymsla • Starfsmannaöstaða 	600 m²	<p>Geymslur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Áhöld • Tæki • Rekstrarvörur • Boltageymsla 	100 m²
<p>Salir</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lyftingasalur/Tækjasalur • Karate salur • Upphitunar/teygju salur 	500 m²	<p>Fristundaheimili</p> <p>Viðundi aðstaða fyrir frístund í núverandi mynd eða sem safnfrístund fyrir alla nemendur Fossvogs- og Breiðagerðisskóla</p>	375 m²
		<p>Tengibygging við fjölnota hús</p> <p>Neðri hæð á byggingu þar sem gert er ráð fyrir tengingu inn í:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Miðasölu • Stúku knattspyrnuvallar • Fjölnota hús • Íþróttahús • Lyftingasal • Félagshimili/skrifstofur • Samkomusal • Búningsaðstöðu • Almennigur (Veitingasala, setustofa) • Fristundaheimili 	500 m²

Aðstaða Knattspyrnufélagsins Víkinga - þarfagreining



Aðstaða með breytingum – Efri mynd sýnir 1. hæð, en neðri mynd 2. hæð

Uppbygging aðstöðu sem sem styður og styrkir við starf.

Víkingur telur mikilvægt að skapa aðstöðu til að efla innviði og tryggja að allt starfs sé unnið af fagmennsku. Einnig getur verið kostur að byggja upp aðstöðu sem hægt er að leigja út og afla þannig sértekna. Félagið vill í tengslum við nýja uppbyggingu kanna möguleika á að byggja 3. hæð ofan á hina nýju tengibyggingu. Það yrði annaðhvort gert í samráði við Reykjavíkurborg eða í einkaframkvæmd.

Félagið vill kanna möguleika á að byggja upp í tengslum við starfsemi Víkings aðstöðu fyrir sjúkráþjálfun og styrktarþjálfun með það að markmiði að draga úr meiðslum, greina og skrá meiðsli og takast á við meiðsli af meiri fagmennsku. Einnig væri lögð áhersla á ahlíða heilsuefningu og að félagslegum og sálrænum þáttum sé sinnt. Þannig teldi Víkingur það mikinn kost ef skapað væri vinnurými fyrir íþróttasálfræðinga, næringarfræðinga og aðila sem geta kennt yoga eða slökun. Þessir aðilar gætu leigt aðstöðu af félaginu, en myndu jafnframt sinna ákveðnum verkefnum fyrir félagið.

Félagið vill einnig kanna möguleika á að Reykjavíkurborg komi inn með þjónustu við hverfið og skapi ákveðna kjölfestu í tengslum við framkvæmd af þessum toga. Loks telur félagið fýsilegt að nýta húsnæði Víkings til þess að bjóða fyrirtækjum upp á aðstöðu til fundarhalds eða fyrir smærri samkomur.

Þjónusta Reykjavíkurborgar
Framkvæma þarf greiningu og ganga til viðræðna við borgaryfirvöld um hvaða starfsemi borgarinnar gæti verið í Víkinni.

Til dæmis:

- Bókasafn
- Félagsmiðstöð
- Hverfismiðstöð (útbú)

Hverfisþjónusta
Hér er átt við tómtundastarf eða þjónustu sem er annarsstaðar í hverfinu eða vantar í hverfið.

Til dæmis:

- Dansskóli
- Tónlistarskóli
- Sjúkráþjálfun
- Tannlæknar
- Sérfræðingar (sálfræðingur, félagsfræðingur)

600 m²

Víkingur vill kanna möguleika á að byggja upp 3. Hæð ofan á nýrri tengibyggingu.

Útiaðstaða

Úrlausnarefni

Ef horft er almennt til útisvæðisins er það í misgóðu ástandi. Aðalvöllur félagssins og aðstaða við hann er allgóð. Verið er að reisa lítið mannvirki við völlinn, en þar verða varamannaskýli, geymslurými á vallarhæð, blaðamannastúka á annarri hæð og á þaki eru upptökusvalir fyrir fjölmiðla. Víkingur hefur staðið straum af kostnaði við byggingu þessa mannvirkis með stuðningi frá KSÍ, en fjármagn vantar til að ljúka við bygginguna.

Gervigrasvöllur vestur af aðalvöllinum var endurnýjaður nýlega og er hann því í mjög góðu ástandi. Aðstaða fyrir áhorfendur við völlinn er þó ekki góð. Töluverð viðhaldspörf er komin á grasæfingasvæðið norður af gervigrasvöllinum og fékst fjármögnun hjá Reykjavíkurborg til að fara í endurnýjun þess svæðis.

Yfir sumarmánuðina er yfirleitt mikil veðursæld neðst í Fossvogsdalnum og svæðið iðar af lífi. Yfir vetrarmánuðina myndast aftur á móti ákveðin kuldapollur í dalnum sem gerir það að verkum að frost og kuldi verður oft meiri en á öðrum svæðum í höfuðborginni. Þetta hefur m.a. þau áhrif að grassvæðin í Víkinni eru oft lengur að taka við sér eftir veturinn en grasæfingasvæði víða annars staðar, vegna þess að klaki hefur verið yfir svæðinu eða vegna þess að mikill klaki er í jörðu. Að halda úti knattspyrnuæfingum við þessar aðstæður getur einnig oft verið töluverð áskorun. Að mati forráðamanna félagsins er það ákveðin kostur að iðkendur stundi æfingar sem lengst úti, en því miður er brottfall töluvert þegar kemur að þessum tíma.

Geymsluaðstöðu á útsvæði þarf að bæta verulega. Undir stúku er geymslurými þar sem m.a. eru geymd tæki og tól vegna viðhalds útisvæða. Það rými er þó hvorki vatns né múshelt og þau tæki og ahöld sem þar eru geymd og tengjast mest umhryðu valla, liggja því þar undir skemmdum.

Úrbætur

Æskilegt væri að yfir kaldasta tímenn hefðu iðkendur knattspyrnu aðgang að inniaðstöðu, yfirbyggðu gervigrasi, til að stunda æfingar. Fyrir yngstu iðkendum væri best ef sú aðstaða væri í nærumhverfinu. Æskilegt væri að slíkt mannvirki væri fjölnota og aðstaða nokkuð fjölbreytt. Ásamt iðkendum knattspyrnu þá gætu t.d. haft aðgang að húsinu golfarar og stangveiðimenn sem æft gætu fluguköst í húsinu. Einnig væri hægt að koma fyrir í slíku húsi klifurvegg sem gæti enn aukið nýtingu þess og boðið upp á nýja möguleika í þjálfun. Ef hlaupabraut væri í slíku húsi væri komin þar bætt aðstaða fyrir almenningsíþróttadeild og aðrar deildir félagsins og einnig fyrir eldri borgara sem gætu gengið innanhús yfir vetrarmánuðina þegar göngufæri úti er lélegt vegna hálfu og slæmrar færðar.

Byggja þarf upp betri geymsluaðstöðu fyrir tæki og tól sem eru notuð á útisvæði. Byggja mætti upp áhaldageymslu suður af stúku. Á þaki áhaldageymslunnar gæti verið aðstaða fyrir áhorfendur.

Æskilegt væri að á milli gervigrasvallar og aðalvallar væri battavöllur eða upphitunarsvæði, en það svæði er í dag illa nýtt malarsvæði. Einnig þarf að byggja upp útiaðstöðu fyrir frístundamiðstöð þar sem

Umferðarflæði við Víkina



Úrlausnarefni

Mjög aðkallandi er að skoða umferðaflæði við Víkina og gera úrbætur sem fyrst til að fyrirbyggja slys. Aðkoma að svæðinu er óviðunandi fyrir iðkendur, áhorfendur, íbúa og almenna vegfarendur. Umferð hjólandi, gangandi og hlaupandi hefur aukist verulega um Traðarlandið og er líða fer á daginn myndast tölurverður glundroði við gatnamótin við Stjörnugróf og Traðarland þar sem mætast íbúar hverfisins, iðkendur í Víking og útivistarfólk sem er gangandi, hjólandi eða hlaupandi. Á háannatíma fyllist aðalbílastæðið og öikumenn leggja bílum sínum meðfram Traðarlandinu, en þaðan er stysta leið inn á Víkingarsvæðið. Þetta er til óþæginda fyrir íbúa hverfisins og af þessu skapast slyshætta því oft er erfitt að sjá til fólks sem er hjólandi, gangandi eða hlaupandi innan um bílana.

Á aðalbílastæði skapast líka hætta því iðkendur þurfa að ganga yfir aðalbílastæði félagsins á leið sinni til og frá æfingum og frá félagsaðstöðu yfir á æfingarsvæði. Ekkert “drop off” svæði er fyrir þá sem eru að skutla iðkendum á æfingar og aðkoma er almennt ekki góð. Til að komast út af stæðinu þarf oft að bakka út af stæðinu þar sem fara um iðkendur á öllum aldri. Aðkoma að aðalinngangi er einnig erfið. Mikil hálka myndast oft þar sem er aðkoma frá aðalbílastæðum, tröppur eru orðnar lélegar og erfitt er að fylgjast með þeirri umferð sem fer um húsið vegna þess að aðkomu- og útgönguleiðir eru margar.

Úrbætur

Lagt er til að bílastæði vestanmegin við íþróttamannvirkin verði færð austan megin við húsið með aðkomu frá Stjörnugrófinni inn á núverandi svæði Gróðrastöðvarinnar Markar. Með því að færa bílastæðin verður rýmra um aðkomu og ætla má að álagsstæði verði betur nýtt því styttra verður frá þeim að aðalinngangi. Með færslu bílastæða verður einnig aðkoma og flæði umferðar að stúku og aðalleikvangi félagsins eðlilegri. Mikilvægt er að á nýju bílastæði sé hringakstur mögulegur, það sé svokallað “drop off zone” við aðalinngang. Einnig að tryggt sé að aðkoma sé frostfrí með því t.d. að hita upp hluta af bílastæðum svo að eldri borgarar hafi greiðan aðgang að aðstöðu félagsins.

Æskilegt er að Traðarland verði „vistgata“ þar sem akandi umferð tengist fyrst og fremst þeim sem eiga heimili við götuna. Yfirborð og frágangur götunnar verði á þann veg að ekki

verður mögulegt að leggja bifreiðum meðfram götunni eins og gert er í dag. Einnig verður skoðað að spegla legu hjólaleiða meðfram götunni.



Nýtt bilastæði á Markarsvæði.

Samgöngur um hverfið

Úrlausnarefni

Ljóst er að Bústaðavegur er ákveðinn farartálmi fyrir þá sem stunda íþróttir í Víkinni. Stór hluti iðkenda býr fyrir ofan Bústaðavegin og þarf að fara yfir hann til að komast á æfingar. Samkvæmt iðkendatölum hefur þetta þau áhirf að færri iðkendur koma frá heimilum ofan Bústaðavegar, en frá heimilum þeirra sem búa neðan við Bústaðaveg. Fyrir neðan Bústaðaveg er skipulag til mikillar fyrirmyndar og geta iðkendur komist leiðar sinnar án þess að fara yfir varhugaverðar umferðaræðar. Víkingur leggur áherslu á að samgöngur um hverfið verði skoðaðar með tilliti til þess að öryggi iðkenda verði sem best tryggt.

Á stærri viðburðum eru beygjuljós á gatnamótunum við Bústaðaveg og Stjörnugróf töluverð hindrun og því tekur oft lengri tíma að rýma svæðið í kjölfar slíkar viðburða.

Úrbætur

Verið er að skoða legu á undirgöngum á neðsta hluta Bústaðavegar meðfram nýju framkvæmdasvæði við Sogaveg og Bústaðaveg. Ný undirgöng myndu auka umferðaöryggi hjólandi og gangandi í hverfinu. Í dag er engin slík tenging á Bústaðavegi. Undirgöngin eru sýnd á samþykktu deiliskipulagi fyrir reitinn. Frumhönnun á undirgöngunum hefur verið sett af stað, en óvíst er hvenær fjármagn verður sett í framkvæmdina.

Æskilegt væri að kanna í samráði við Kópavogsbæ hvort ekki mætti opna tímabundið leið úr Stjörnugróf yfir í Kópavog þegar stærri viðburðir eru í Víkinni, en til að það sé mögulegt þarf að fjarlægja grasmön sem hefur verið komið fyrir á vegi skömmu áður en vegur kemur inn á hringtorg í Kópavogi. Að fjarlægja þessa mön og koma fyrir einhverskonar aðgangsstýringu myndi að öllum líkindum ekki vera mjög kostnaðarsamt

Almenn atriði varðandi starfsemi félagsins Nýting á mannvirkjum

Úrlausnarefni

Lögum samkvæmt ber sveitarfélögum að byggja upp aðstöðu til íþróttaiðkunar fyrir grunnskóla. Misvel hefur verið staðið að þeirri uppbyggingu, en víða hefur verið látið nægja að byggja upp litla sali sem eiga að mæta þessum þörfum. Þessir salir eru sumir komnir til ára sinna og eru ekki að mæti nægilega vel þeim kröfum sem gerðar eru í dag í tengslum við íþróttakennslu. Bæði í Breiðagerðisskóla og Fossvogsskóla eru salir sem eru komnir nokkuð til ára sinna. Í Fossvogsskóla er jafnframt að þrengjast um aðstöðu vegna almennrar kennslu vegna fjölgunar nemenda og hefur staðið til að mæta þeirri þörf með því að setja upp færanlegar kennslustofur við skólann við litla ánægju íbúa í nærliggjandi húsum. Íþróttasalurinn í Víkinni er stór og býður upp á ýmsa möguleika þegar kemur að íþróttakennslu. Nýting á íþróttasal og öðrum mannvirkjum gæti þó verið jafnari. Framan af degi er hægt að auka nýtingu. Er líða fer á daginn hefjast æfingar og þá myndast álagstoppur og fer þá verulega að reyna á þanþörf mannvirkja.

Úrbætur

Víkingur hefur síðustu ár óskað eftir að íþróttakennsla í Fossvogsskóla og Breiðagerðisskóla verði færð í auknu mæli í Víkina, en í báðum þessum skólum er aðstaða til íþróttaiðkunar nokkuð takmörkuð. Með því að fá inn íþróttakennslu fyrri hluta dags er nýting mannvirkja bætt og skólarnir í hverfinu verða betur í stakk búnir til þess að bjóða upp á enn betri íþróttakennslu. Í Fossvogsskóla væri einnig hægt að nýta íþróttasal og þá aðstöðu sem er í tengslum við hann undir kennslu og fækka þannig færanlegum kennslustofum sem þarf að taka inn á svæðið. Almennt vill Víkingur í samvinnu við Reykjavíkurborg kanna möguleika á að fá inn aukna starfsemi á þeim tímum sem nýting mannvirkja gæti verið betri.

Uppbygging frístundastarfs

	Boltaíþróttir		Spaðaíþróttir		Bardagaíþróttir		Skylmingar		Kraftlyftingar		Almennings		Annað								
	Körfubolti	Blak	Borðtennis	Judo/Gilma	Lyftingar	Skiði	Pilukast	Handbolti	Tennis	Taekwondo	Dans	Friðlsar	Keila	Annað							
	Knattspyrna		Badminton	Karate	Fimleikar	Sund	Skák	Alls													
Reykjavíkurfélög																					
Víkingur	1	1		1	1							1	1	7							
Fram	1	1				1						1	1	5							
Valur	1	1	1											3							
Þróttur	1	1	1									1		5							
Ármann			1			1	2		1	1	1	1	1	11							
ÍR	1	1	1			1	1		1			1	1	9							
KR	1	1	1		1	1	1			1	1	1	1	13							
Leiknir	1		1			1								3							
Fjölínir	1	1	1		1			1				1		9							
Fylkir	1	1	1			1								5							
Alls	9	8	6	2	3	2	4	4	4	3	1	1	1	3	4	5	4	3	2	1	70

Yfirlit yfir íþróttir sem helstu fjölgreinafélög í Reykjavík bjóða upp á

Úrlausnarefni

Í Fossvogs- og Bústaðahverfi er framboð á frístundastarfi fyrir börn almennt fremur takmarkað í samanburði við sum önnur hverfi borgarinnar eins og t.d. Vesturbæ og Laugaráshverfi. Orsakir fyrir þessu geta verið af ýmsum toga. Fjöldi íbúa í hverfi og almenn aðstaða og framboð á hentugu húsnæði eru væntanlega atriði sem vega þó þungt. Á myndinni hér að framan má sjá yfirlit yfir íþróttir sem helstu fjölgreinafélög bjóða upp á. Víkingur er með 7 deildir, en af þessum 7 deildum eru 3 með stærstan hluta af sinni starfsemi

utan hverfis. Annað frístundastarf er einnig takmarkað. Möguleikar til tónlistarkennslu eru takmarkaðir, danskennsla er lítil eða engin og ekki er nein sundlaug í hverfinu sem er opin almenningi. Í Vesturbænum er KR með 13 deildir og auk þess er rekinn tónlistarskóli og frístundaheimili í Frostaskjólinu. Í hverfinu er einnig sundlaug sem ungir sem aldnir nýta til afþreyingar og íþróttaiðkunar. Í Laugaráshverfinu eru Ármann og Þróttur með starfsemi, en til samans bjóða þessi félög upp á 16 íþróttagreinar. Í Laugardalnum er svo hópur annarra aðila sem nýta þar einnig aðstöðuna eins og t.d. JSB. Þar er sundlaug sem er mikið notuð af íbúum hverfisins. Vegna þess að framboð á tómsundaiðkun í Fossvogs- og Bústaðahverfi er takmarkað þurfa foelddrar á vinnutíma oft að keyra börn sín í önnur hverfi til að stunda frístundastarf. Af þessu skapast óþægindi fyrir börn, foreldra og vinnuveitendur og slíkt skul verður seint talið gott fyrir umhverfið.

Úrbætur

Íþróttamannvirki eru meðal dýrustu mannvirkja sem reist eru í hverju hverfi. Víkingur vill í samvinnu við Reykjavíkurborg tryggja að nýting mannvirkja sé sem mest. Sú aðstaða sem er í boði er nokkuð sérhæfð og því er óhjákvæmilegt að stór hluti nemenda í skólum hverfisins sækji þjónustu í Víkina að afloknum skóladegi. Víkingur hefur í samráði við Reykjavíkurborg séð til þess að börn eru keyrð úr skóla í Víkina og hefur það mælt afar vel fyrir. Æskilegt væri að breikka þessa þjónustu og kanna möguleika á að bjóða upp á fjölbreytta frístund eins og tónlist, dans, myndlist, yoga, slökun og alhlíða hreyfingu.

Víkingur vill í samráði við Reykjavíkurborg kanna möguleika á að koma upp safnfrístund í Víkinni. Börnum og unglíngum úr nærliggjandi skólum yrði ekið að afloknum skóladegi í frístundastarf og gætu þau dvalið seinni hluta dags á Víkingssvæðinu. Slíkt fyrirkomulag hefur t.d. verið hjá ÍR. Margt jákvætt er við slíka breytingu. Ákveðin samfella skapast milli náms og tómsundaiðkunar og tækifæri skapast til að kynna íþróttagreinar fyrir börnum og bjóða þeim upp á fjölbætta hreyfingu í fallegu umhverfi sem er í nágrenni við helstu náttúruverur borgarinnar. Möguleiki skapast til að bjóða almennt upp á fjölbreyttari afþreyingu í góðu húsnæði. Fyrir fjölskyldur í hverfinu yrði þetta til hagsbóta og foreldrar geta lokið sínum vinnudegi án þess að þurfa að sækja börn sín til að koma þeim í frístund í öðrum hverfum. Með bættri aðstöðu skapast loks möguleikar fyrir heilu fjölskyldurnar til að stunda hreyfingu og útivist saman.

Víkingur hefur rætt við fulltrúa Fossvogsskóla og Breiðagerðisskóla og mæltist þessi hugmynd vel fyrir. Lagt verði upp með að í fyrstu verði farið í samstarf við Fossvogsskóla enda er nálægðin við Víking þar mikil. Fossvogsskóli er kominn í töluverð vandræði með húsnæði og því má ætla að þetta geti orðið til að létta undir í tengslum við þau mál.

Aukin þjónusta

Úrlausnarefni

Víkingur leggur metnað í að þjóna sem flestum íbúum í hverfinu. Ljóst er að núverandi aðstaða hamlar frekari uppbyggingu. Ekki hefur tekist að nýta einstaka staðsetningu svæðisins við einn fjölfarnasta hjóla- og göngustíg borgarinnar.

Úrbætur

Víkin er staðsett í austurenda Fossvogsdals. Stutt er í útvistarsvæðið í Elliðaárdal og svæðið er tengt með göngu og hjólastígum við Nauthólsvík og útvistarsvæði í Öskjuhlíð. Víkingur vill að í Víkinni verði byggð upp miðstöð heilsueflingar og íþróttar og að þar verði hverfamiðstöð með aðstöðu fyrir frístund, félagsmiðstöð, aðstöðu fyrir eldri borgara ýmsar íþróttagreinar, kaffihús og sundlaug í framtíðinni. Félagið vill geta veitt fjölbætta þjónustu sem lýtur að hreyfingu og frístundastarfi fyrir alla aldurshópa og fyrir fólk með ólíka hreyfigetu.

Félagið þarf að mæta nýjum tímum. Íþróttafélögin eru kjölfesta í hverfunum og þurfa að mæta breyttri aldurssamsetningu og ýmsum líðfræðilegum áskorunum sem fylgja nýjum tímum. Kyrrseta hjá öllum aldurshópum og vanvirkni hjá eldri borgurum eru dæmi um vandamál sem fylgja nýjum tímum. Kyrrseta er í dag orðið eitt stærsta heilbrigðisvandamál í hinum vestræna heimi. Breyttur lífsstíll með aukinni kyrrsetu kallar á að komið sé til móts við hópa sem íþróttafélög hafa ekki verið að sinna nægilega vel. Íþróttafélög geta einnig í samstarfi við Reykjavíkurborg leitað leiða til að virkja eldri borgara með því að bjóða upp á hreyfingu eða með því að fá eldri borgara til liðs við félagið í gegnum sjálfböðastarf.

Við uppbygginu framtíðarathafnasvæðis félagsins má bæta aðstöðu og auka við fjölbreytni í íþrótt- og tómsundastarfi. Má hér nefna hvers kyns almenningsíþróttir svo sem göngu, hlaup, hjólréiðar, almenna útivist o.fl., m.a. í tengslum við staðsetningu félagsins við Fossvoggs- og Elliðaárdal og uppbyggingu frístundastarfs með skólum og hverfi. Tryggt væri að að boðið væri upp á fjölbreytta hreyfingu og hreyfingu sem er ekki endilega tengd við keppni.


Sundlaug

Víkingur fagnar því að nú skuli vera hafin umræða um byggingu sundlaugar í Fossvogsdal. Fossvogur og Bústaðahverfi eru nánast einu íbúðahverfi höfuðborgarsvæðisins þar sem íbúar hafa ekki haft aðgang að almenningsundlaug í nærumhverfinu og of lengi hafa nemendur í grunnskólum hverfisins þurft að sækja sundkennslu í annað hvort Laugardalslaug eða í Breiðholtslaug.

Félagið telur eðlilegast að ný sundlaug verði reist í í tengslum við mannvirki Víkings. Ætla má að með því að hafa alla hreyfitengda þjónustu hverfisins á einum stað skapist ákveðin stærðarhagkvæmni. Einnig má ætla að það styrki samfélagsandann ef allir íbúar, ungir sem aldnir, sækja þjónustu á einum stað. Með því að bjóða upp á fjölbætta starfsemi, góða aðstöðu og stöðugt flæði iðkenda allan daginn skapist möguleikar á því að bjóða göngufólki, hlaupurum og hjólréiðafólki upp á einhverja aðstöðu/afdrepp þar sem hægt væri að bjóða hvíldar- og skiptiaðstöðu. Með því að fjölga fólki sem nýtir mannvirkin skapist einnig möguleikar á að reka veitingarými/kaffihús sem þjónaði vegfarendum og íbúum hverfisins. Aukin fjöldi sem kæmi í húsið m.a. vegna sundlaugar gerir þannig rekstur veitingasölu eða kaffihúss fýsilegri


Aðkoma að Vík ætti ekki að skapa vandkvæði. Lítil byggð er við umferðaræðar sem liggja að Víkinni og því hefði aukin umferð ekki áhrif á marga íbúa. Bílastæði í Víkinni sem m.a. hafa það hlutverk að þjóna mannmörgum viðburðum gætu einnig nýst sundlaugargestum. Staðsetning sundlaugar við Víkina hentaði loks vel gagnvart Vogahverfi í framtíðinni.

Sundlaug við Víkina skapaði líka tækifæri fyrir íþróttaiðkendur tengda Víkingi. Þekktir eru þeir möguleikar sem tengjast því að byggja upp líkamsræktaraðstöðu við sundlaugar. Einnig er kostur að tengja sjúkrabjálfun við sunnaðstöðu. Þjálfun í vatni er almennt mjög gott alhliða æfingaform sem hentar fólki í íþróttum vel. Fyrir þá sem eru að glíma við meiðsl, við vandamál frá vöðvum og liðum geta æfingar í vatni minnkað verkjaupplifun, styrkt vöðva og aukið þol. Í vatninu er líkaminn léttari og álag á liðamót er minna. Notkun á heitum og köldum pottum er einnig þekkt aðferð við að ná sér eftir erfiðar æfingar og leiki.



Almenningssundlaugar á höfuðborgarsvæðinu.

Stækkun á athafnasvæði Víkings




Möguleikar í tengslum við stækkun athafnasvæðis. Svæði 1 er Fram svæðið í Safamýri, númer 2 er svo Vogabyggð og Höfðinn og númer 3 er svæðið neðan við Nýbýlaveg í Kópavogi.

Starfshópnum var ætlað að skoða hvort að Knattspyrnufélagið Víkingur eigi að þjónusta stærra svæði en félagið gerir í dag. Víkingur þjónar í dag Bústaðahverfi og Fossvogi. Félagið hefur áhuga á því að koma með auknum þunga inn í hverfi sem tengjast núverandi þjónustusvæði. Með þéttingu byggðar, tilfærslu Fram úr Safamýri og jafnvel með breytingum á svæðisskiptingu félaga í Kópavogi skapast tækifæri til að fjölga íbúum sem félagið þjónar.


Með því að stækka svæðið er hægt að auka nýtingu mannvirkja og tryggja aukna skilvirkni og fagmennska. Félagið verður þannig betur hæft til að mæta auknum faglegum kröfum, auka nýtingu mannvirkja og stækkun svæðis getur orðið til að auka stöðugleika og sjálfbærni, en vandamál í rekstri hverfisfélags eins og Víkings eru sveiflur í endurnýjun hverfis. Í stærra hverfi er alltaf að eiga sér stað einhver ákveðin endurnýjun og þannig dregur úr sveiflum í iðkendafjölda.

Að mati félagsins skiptir líka máli að ákveðið jafnvægi sé á milli félaga í Reykjavík í tengslum við upptökusvæði. Víkingur er að þjóna færri íbúum en flest önnur félög í Reykjavík og félagið er einnig með hvað fæsta grunnskólanemendur í sínu hverfi. (Sjá meðfylgjandi mynd) Núverandi nemendafjöldi sem í dag tilheyrir Víkingssvæðinu er um það bil 1.100 nemendur. Mikilvægt er að Víkingur hafi aðgang að stærra hóp.

Nærleggjandi íþróttafélög Víkings, Valur, Próttur og Fjölirnir eru þegar með nokkuð fjölmenn upptökusvæði og framundan er ákveðin uppbygging í íbúðabyggð í hverfum sem þeim tengjast. Á svæði Próttar eru framundan mörg þéttingarverkefni t.d. á Blómavalsreit, Kirkjusandi, Bílanaustreit og við Höfðatorg. Þannig mun fjölga bæði íbúðum og börnum í hverfinu á næstu árum. Einnig er framundan uppbygging á Valssvæðinu og Skerjasandi sem mun fjölga iðkendum hjá Val. Þessi félög ásamt Fjölni, ÍR/Leikni og KR munu á næstu árum vera að þjóna hverfum með 20-26.000 íbúum. Samsvarandi uppbygging er ekki fyrirhuguð á núverandi athafnasvæði Víkings. Á Kringlureitnum er fyrirhuguð íbúðauppbygging en ekki endilega fjölgun barna í skólahverfinu og hugmyndir eru um hugsanlega aukið byggingamagn meðfram Miklubrautinni ef að Miklubrautin fer í stökk.



Fjöldi íbúa í hverfi íþróttafélags




Fjöldi þeirra sem sækja grunnskóla í hverfi íþróttafélags

Grunnnálgun hjá félaginu er að bjóða yngri iðkendum upp á þjónustu í nærumhverfinu. Hópar með yngri iðkendum eru gjarnan fjölmennari og því er mögulegt að halda úti þjónustu á fleiri en einum stað. Þegar iðkendur verða eldri fækkar oft í hópum. Með aldrinum verður minna mál að ferðast milli staða. Því er hægt að sameina hópa og láta æfingar fara fram á einum stað. Hægt er að miða við að áherslur séu misjafnar eftir mismunandi svæðum. Þannig gæti miðstöð handbolta verið í Safamýri, en knattspyrnu í Fossvogi.

Varðandi stækkun svæðis eru nokkrir möguleikar sem eru áhugaverðir og geta orðið að veruleika á næstu árum. Fyrir það fyrsta er Fram að fara úr Safamýri og nýtt félag þarf að koma inn á svæðið til að þjóna íbúum. Í öðru lagi gæti Víkingur þjónað Vogabyggð og nýrri íbúðabyggð við Höfða, að hluta eða öllu leyti, en þessi byggð er nokkuð nálægt Víkingssvæðinu og ekki þarf að fara yfir stórar umferðaræðar til að komast á milli. Í þriðja lagi má svo nefna svæðið fyrir neðan Nýbýlaveg í Kópavogi og nýtingu mannvirkja við

Fagralund sem áður tilheyrði HK. Í því tilviki væri áherslan meira á nýtingu mannvirkja en stækkun upptökusvæðis, enda ekki mjög stór hópur fólks sem býr í neðri hluta Fossvogs Kópavogsmegin. Markmiðið er að upptökusvæði Víkings verði samsvarandi að stærð í framtíðinni og svæði helstu hverfisfélaga í Reykjavík og félagið væri þannig að þjóna svæði sem væri með 20-26.000 íbúum.

Stækkun inn á Safamýrarsvæði



Safamýri er hluti af hverfi 5, sbr mynd að framan, Háaleiti og Bústöðum sem markast meðal annars af Kringlumýrabraut, Suðurlandsbraut, Reykjanesbraut og sveitarfélaginu Kópavogi. Hverfið felur í sér nokkra minni hverfishluta – Háaleiti, Múla, Kringlu, Bústaði, Fossvog, Smáibúðahverfi og Blesugróf. Miðað væri við að nýtt svæði Víkings afmarkaðist af Kringlumýrabraut, en Kringlumýrabraut er erfiður farartálmi fyrir unga iðkendur. Valur Ágætar samgöngur eru á milli núverandi svæðis Víkings í Víkinni og íþróttamannvirkjanna í Safamýri. Göngubrú er yfir Miklubrautina frá Kringlusvæðinu yfir á Framsvæðið. Tengingar við almenningsvagna eru góðar á milli hverfanna.

Í Háaleitishverfi búa rúmlega 3000 íbúar. Í hverfinu eru tveir skólar, Háaleitisskóli – Álftamýri með tæplega 330 nemendum og Háaleitisskóli – Hvassaleiti, en í honum eru tæplega 170 nemendur. Samkvæmt aðalskipulagi er gert ráð fyrir því að íbúðum í borgarhlutanum geti fjölgað um 850*, þar af um 550 á Kringlusvæði og við Sléttuveg.

Félagið hefur átt fundi með íbúasamtökum í hverfinu um að Víkingur taki yfir mannvirki Fram og bjóði upp þjónustu við íbúa í hverfinu. Þó starfsemi verði skipt milli svæða vill Víkingur að íbúar hverfanna upplifi að um sé að ræða eitt félag, hvort sem að farið er á æfingu eða á leiki í Víkinni eða í Safamýrinni. Gert er ráð fyrir því að yngstu þátttakendurnir muni eiga greiðan aðgang að félaginu á báðum stöðum.

Á fundi með íbúasamtökunum var rætt um að eftirfarandi starfsemi muni mögulega verða í íþróttamannvirkjunum í Safamýri. Umsjón með mannvirkjum og starfsemi félagsins, aðstaða fyrir rekstrarstjóra og íþróttastjóra. Gert er ráð fyrir því að félagið muni fullnýta þau mannvirki sem eru í Safamýrinni.

Skólastengd starfsemi - Félagið óskar eftir því að skoða möguleika á samnýtingu mannvirkjanna í Safamýrinni við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Um væri að ræða leigu á íþróttamannvirkjunum fyrir meðal annars frístundastarf skólana og leikfimi.

Handknattleikur – Meginstarfsemi: Handknattsleiksdeild félagsins verður í keppnissal félagsins í Safamýrinni. Rík hefð er fyrir æfingum í handbolta í því húsnæði og óskað er eftir því að nýta það áfram á þann hátt. Þar mun því Meistaraflokkur karla og kvenna æfa sem og yngri flokkar.


Knattspyrna - félagið mun bjóða upp á knattspyrnuæfingar að 2. flokki sem og meistarflokki karla og kvenna.

Körfuknattleikur - félagið íhugar að bjóða upp á æfingar í Körfuknattleik í Safamýrinni. Málið er í skoðun.

Íþróttaskólar Víkings - Á vegum Knattspyrnufélagsins Víkings er starfræktur Íþróttaskóli barnanna sem ætlaður er börnum á aldrinum 2-5 ára. Þar fer fram fjölbreytt og áhugaverð dagskrá þar sem haft er að leiðarljósi að efla skyn- og hreyfiþroska barnanna ásamt því að kenna þeim að vinna með öðrum, umgangast aðra og taka tillit hvort til annars.


Karatedeild – Meginstarfsemi. Gert er ráð fyrir því að meginstarfsemi deildarinnar verði í framtíðinni í Safamýrinni.

Almenningsdeild - Víkingur er félag sem efla vill almenningsíþróttir og leggur mikla áherslu á það í sínu starfi að íbúar í nærumhverfinu eigi greiðan aðgang að fjölbreyttri starfsemi. Þennan þátt starfseminnar vill félagið eindregið efla og einnig starf sem getur tengst inn í aðra starfsemi sem er á vegum Reykjavíkurborgar. Til að mynda frístundastarf skólanna eða íþróttaiðkun eldri borgara. Félagið leggur mikla áherslu á það að starfrækja einnig öfluga almenningsdeild í Safamýrinni. Á þann veg vill félagið tengjast sem best íbúum hverfisins, eiga við þá jákvætt samtal og veita þeim enn betra aðengi að íþróttamannvirkjunum. Er það eindregin ósk félagsins að núverandi mannvirki verði samnýtt þannig með íbúum hverfisins. Til iðkunar á dansi, jóga, hugleiðslu, borðtennis svo fátt eitt sé nefnt. Lögð er áhersla á það að skoða samnýtingu mannvirkjana með annari starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar og annara stofnana og félaga.



Íþróttasvæði og skólar í Háleitis- og Bústaðahverfi

Elliðaárbyggð /Vogabyggð



Afstöðumynd sem sýnir Voga/Höfðabyggð og Víkingssvæðið neðst til vinstri. Hjólaleið liggur um Elliðaárdal í Fossvog.

Kynnt hefur verið rammaskipulag og deiliskipulag í tengslum við framtíðaruppbyggingu í Elliðarárvogi og Vogabyggð. Í rammaskipulaginu er gert ráð fyrir 1100-1400 íbúðum í Vogabyggð en í Elliðaárbyggð verða allt að 5500 íbúðir. Gert er ráð fyrir uppbyggingu íbúðahúsnæðis og innviða fyrir allt að 12.600 manns þegar hverfið verður að fullu endurgert í anda þess rammaskipulags sem nú liggur fyrir. Reiknað er með að nýtt hverfi á Ártúnshöfða muni mynda nýtt skólahverfi með Vogabyggð. Reisa þyrfti tvö til þrjú grunnskóla og þrjú til fjóra leikskóla.

Í kynningu á deiliskipulagi Elliðaárbyggðar kemur fram að hverfið liggir að mörkum fjögurra íþróttafélaga. Víkingar í Fossvogsdal, Þróttar í Laugardal, Fjölnis í Grafarvogi og Fylkis í Árbæ. Eins og komið hefur fram eru Þróttur og Fjölnir þegar með töluvert fjölmennari upptökusvæði en Víkingur. Þróttur með tæplega 14.000 manna svæði og Fjölnir með tæplega 18.000 manna svæði. Töluverð þétting byggðar mun svo eiga sér stað á svæðum þessara félaga. Taki Víkingur yfir Safamýrina er Víkingur farin að þjóna rúmlega 14.000 manna svæði og til halda í við eða jafnvel standa jafnfætis flestum öðrum hverfisfélögum í Reykjavík þyrfti að stækka upptökusvæði félagsins enn frekar. Fylkir er í dag með álíka mannmargt hverfi og Víkingur, en er að þjóna töluvert öflugri skólahverfi með rúmlega 1600 nemendum. Til samanburðar er Víkingur í dag að þjóna hverfi með um 1100 nemendum. Möguleikar til frekari uppbyggingar á Fylkissvæðinu eru svo töluverðir, en kannski fremur takmarkaðir í nánasta umhverfi Víkingar.

Fylkissvæðið er síðan eins og svæði bæði Þróttar og Fjöltnis töluvert lengra í burtu en Víkingssvæðið og fara þarf yfir nokkrar götur á leiðinni þar sem umferðarpungi er töluvert mkill. Úr byggð á Höfðanum liggja aftur á móti almennt nokkuð góðar göngu- og hjólastígaleiðir að Víkingssvæðinu og ekki þarf að fara yfir stærstu umferðaræðar borgarinnar.

Vogabyggð er hverfi sunnan Kleppsmýrarvegjar og austan Sæbrautar. Vogabyggð liggur að mörkum þriggja íþróttafélaga, Víkinga, Þrótti og Fjöltnis. Það hverfi liggur þannig nær Þróttarsvæðinu en byggð á Ártúnshöfða, en er komin verulega langt frá svæði Fjöltnis. Sæbrautin er farartálmi á leið þeirra er þurfa að fara í Laugardalinn. Samkvæmt rammaskipulagi í Vogabyggð er gert ráð fyrir að Geirsnef verði þróað sem almenningsgarður í framhaldi af Elliðaárdal.

Í ljósi þess að Víkingur er almennt með minna upptökusvæði en hin félögin er það mat Víkinga að þarna liggi möguleikar til að jafna stöðuna á milli félaganna. Æskilegt væri að eitt félag kæmi að mati á þörfum íþróttamannvirkja á þessu svæði og þarna væri í fullu gildi sú hugmyndafræði að yngstu iðkendum væru sem mest í nærumhverfinu, en eldri iðkendur færu þangað sem sérstök áhersla er á ákveðnar greinar. Góð sundlaug í Víkinni myndi auðveldlega geta þjónað þessu nýja hverfi og væri hún í raun nokkuð vel staðsett gagnvart því.

Vöxtur á HK svæði neðan við Nýbýlaveg í Kópavogi

Árið 2013 gerði Kópavogsbær samkomulag við íþróttafélögin Breiðablik og HK sem felur í sér í megin-atriðum að HK flytsti sína starfsemi í íþróttamiðstöðina Vallarkór og þjónustaði efri byggðir í Kópavogi, en Breiðablik þjónustaði neðri byggðir í Smáranum. Um leið fengu félögin yfirráðarétt yfir þeim íþróttamannvirkjum sem eru í Kórnum og Smáranum á forsendum sérstakra þjónustusamninga við bæinn.

Í tengslum við þessar breytingar flutti HK hluta af sinni starfsemi úr Fagralundi í Fossvogi, en þar hafði verið félagsaðstaða og aðalskrifstofur félagsins. Kópavogsbær tók yfir rekstur þeirra mannvirkja. Í Fagralundi er 1150 m² íþróttahús og 9 búningasklefar, en þessi mannvirki voru í núverandi mynd tekin í notkun árið 2009. Aðstaðan er og hefur verið nýtt undir leikfímikennslu hjá Snælandsskóla og einnig hefur blakdeild HK haft þar aðstöðu. Við Snælandsskóla stendur 420 m² íþróttahús sem var tekið í notkun 1983. Í húsinu hefur borðtennisdeild HK haft aðstöðu og eins hafa verið þar æfingar Tae-kwonDo deildar HK.

Í Fagralundi er æfingasvæði fyrir knattspyrnu sem tekið var í notkun 1995 það er 22.100m². Inn í því eru tveir æfingavöllir og grasvöllur sem nýttur hefur verið sem keppnisvöllur fyrir HK og fleiri félög, hann er 7.700 m² eða 110m x 70m. Þar er einnig gervigrasvöllur sem tekin var í notkun 2006. Hann er í fullri stærð eða um 7169m², með flóðljósum, en völlum er ekki upphitaður. Kominn er tími á endurnýjun þessa gervigrassvæðis. Breiðablik og fleiri félög í Kópavogi hafa fengið að nýta knattspyrnuvelli undir æfingar og leiki eftir að Kópavogsbær tók yfir rekstur þeirra.



Fossvogsdalur. Á myndinni sést svæði Víkings til hægri á mynd og Fagralundarsvæðið fyrir miðri mynd.

Fyrir íbúa Kópavogsmegin í Fossvogsdal var ný hverfaskipting nokkur áskorun. Þeir þurftu nú að fara lengri veg til þess að sækja æfingar annaðhvort hjá sínu gamla félagi eða hjá Breiðablik í Smáranum. Örstutt er aftur á móti fyrir íbúa sem búa neðan við Nýbýlaveg að sækja þjónustu í Víkina. Þetta er ekki mjög stór hópur, en sveitarfélagamörk valda því að þessir íbúar í Kópavogi sem búa næst Víkinni sækja síður þangað þjónustu.

Eðlilegt væri að sveitarfélögin tvö myndu vinna saman við að efla aðstöðu fyrir íbúa í Fossvogsdal og stuðla þannig að því að íbúar ættu kost á að sækja þjónustu í næsta nágrenni. Aðeins eru nokkur hundruð metrar á milli svæðis Víkings og Fagralunds. Samstarf getur verið með ýmsum hætti. Fagrilundur gæti t.d. verið lykilsvæði í tengslum við æfingar HK-Víkings, en HK og Víkingur hafa átt gott samstarf um rekstur meistaraflokks og 2 flokks í knattspyrnu kvenna. Einnig væri möguleiki að kanna hvort Fagrilundur geti nýst Víkingi ef farið er í framkvæmdir á Víkingssvæðinu.



Knattspyrnufélagið Víkingur
Þór Símon Ragnarsson, formaður
Traðarland 1
108 REYKJAVÍK

Fyrirheit um stækkun á athafnasvæði Víkings

Á fundi borgarráðs 10. þ.m. var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Borgarráð samþykkir að gefa knattspyrnufélaginu Víkingi fyrirheit um stækkun athafnasvæðis félagsins eftir að núgildandi leigusamningur við gróðrastöðina Mörk rennur út, árið 2016. Um er að ræða lóð á svæði gróðrastöðvarinnar að Stjörnugróf 18. Jafnframt samþykkir borgarráð að beina því til skipulagsráðs að það láti kanna möguleika á nýrri staðsetningu gróðrastöðvarinnar Markar í samráði við eigendur hennar. Fyrirheitið er með fyrirvara um ákvarðanir sem kunna að verða teknar varðandi stækkun athafnasvæðis félagsins í framkvæmda- og eignaráði, skipulagsráði og íþrótta- og tómstundaráði. Enn fremur er fyrirvari vegna breytinga á deiliskipulagi, sem nauðsynlegar eru í þessu skyni.

Greinargerð:

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Víkings, Traðarlandi 1, Reykjavík, hefur farið þess á leit við borgarráð að félaginu verði tryggt stærra athafnasvæði vegna starfsemi sinnar. Telur stjórnin að félaginu sé að öðrum kosti ekki mögulegt að bregðast við auknum kröfum um fjölbreytt verkefni á komandi árum. Núverandi stærð athafnasvæðis Víkings er um 53 þús. ferm., þar af um 10 þús. ferm. í landi Kópavogs. Á lóðinni nr. 18 við Stjörnugróf sem liggur að athafnasvæði Knattspyrnufélagsins Víkings, er nú rekin gróðrastöðin Mörk. Stærð þeirrar lóðar er 19.415 ferm., en auk þess nýtir gróðrastöðin aðlæga spildu í landi Kópavogs. Lóðarleigusamningur um Stjörnugróf 18 gildir til ársloka 2016. Lagt er til að þegar skilyrði verði til stækkunar, að teknu tilliti til framangreindra fyrirvara, skuli knattspyrnufélaginu úthlutað formlega viðbótar athafnasvæði fyrir starfsemi félagsins. Verði þá jafnframt kveðið á um nánari úthlutunarskilmála, þ.á.m. um greiðslu gjalda. Jafnframt er lagt til að borgarráð beini því til skipulagsráðs, að það láti kanna möguleika á nýrri staðsetningu fyrir starfsemi gróðrastöðvarinnar Markar í samráði við eiganda hennar.

Gunnar Eydal

e.u.

Samrit:
Skipulagsráð



KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR FRAMTÍÐARUPPBÝGGING

SAMANTEKT

LYKILÞÆTTIR / ÁHERSLUÞÆTTIR :

- **STAÐA NÚVERANDI MANNVIRKJA – STÆKKUN / VIÐHALD**
 - Íþróttahús og félagsaðstaða Víkings var byggð fyrir u.þ.b. þrjátíu árum. Viðhaldi á húsnæði hefur ekki verið sinnt sem skyldi og hefur byggst upp mikil viðhaldsþörf. Mikil þörf er á að Pláss vantar undir ýmsa starfsemi eins og skrifstofur, búningsklefa ofl. og starfsemi fer fram í rýmum sem vart teljast boðleg í dag. Mikil þörf er á viðhaldi og stækkun mannvirkja.
- **MARKARSVÆÐI**
 - Vísað er í loforð og fyrirheit Borgarráðs sem ítrekað hefur verið rætt og vísað til. Víkingur gerir skýrt tilkall til Markarsvæðisins eins og ítrekað jhefur verið byggt á þessum loforðum og fyrirheitum. Á Markarsvæðinu er rými fyrir framtíðaruppbyggingu sem er lykll að enn betri þjónustu. Aðkoma að mannvirkjum frá Markarsvæði tryggir öruggari umferð, bætir aðgengi og minnkar álag á íbúagötu við Traðarland. Slík færsla á aðkomu fyrir félagið yfir í Mörkina eins og bent er á sviðmyndum mun tryggja hagsmuni allra aðila, stórauka öryggi ungra iðkenda félagsins, létta á miklum umferðarpunga í Traðarland gagnvart íbúum, tryggja uppsetningu hjóla – og hlauapstíga um Traðarland osrfv. Víkingur leggur þunga áherslu á þessa lausn.
- **STÆRÐ HVERFIS, ÍBÚAFJÖLDI FJÖLDI NEMENDA**
 - Víkingur er eitt þeirra félaga í Reykjavík sem er með hvað fæsta íbúa á bak við sig og fæsta nemendur. Eðlilegt og mikilvægt er að upptökusvæði Víkings verði samsvarandi að stærð í framtíðinni og svæði helstu hverfisfélaga í Reykjavík. Þetta er réttlætismál fyrir félagið.
- **STÆKKUN UPPTÖKUSVÆÐIS – ELDRI HVERFI (SAFAMÝRI)**
 - Safamýri - Víkingur vill taka yfir þjónustu Fram í Safamýri, en svæðið tengist vel því hverfi sem Víkingur er nú þegar að þjóna. Mikil samlegð er í því að tengja saman núverandi hverfi Víkings við Safamýri og það hverfi sem Safamýri sinnir. Víkingur mun vinna náið með öllum hagsmunaaðilum er að þessu máli koma. Víkingur leggur þunga áherslu á Safamýri og hefur félagið kynnt skýrar hugmyndir sínar fyrir öllum hagsmunaaðilum á fundum, kynningum og yfirlýsingum frá félaginu.
 - Fagrilundur – Víkingur getur þjónað íbúum neðan við Nýbýlaveg í Kópavogi. Er það mikil samlegð fyrir hagsmunaaðila.
- **HVERFISMIÐSTÖÐ / SAMVINNA VIÐ REYKJAVÍKURBORG UM NÝTINGU MANNVIRKJA**
 - Víkingur þiggur nánast engar leigutekjur frá Reykjavíkurborg ólíkt mörgum öðrum félögum í Reykjavík sem sum hver þiggja stórar háar leigutekjur árlega. Víkingur vill í samvinnu við Reykjavíkurborg byggja upp alhliða hverfismiðstöð, miðstöð heilsueflingar og frístundamiðstöð. Skólar hverfisins ættu að nýta mannvirki Víkings undir leikfímikennslu, en skólar hverfisins glíma við þrengsl og aðstöðuleysi.
 - Víkingur leggur áherslu að vinna með öllum hagsmunaaðilum í hverfi Víkings. Félagið leggur áherslu á að vera til staðar fyrir alla íbúa hverfisins og þá sem að hverfinu koma. Það hefur komið skýrt á fundum með borginni og hefur félagið kynnt hugmyndir sínar þess efnis.
- **STÆKKUN UPPTÖKUSVÆÐIS – NÝ HVERFI**
 - Vogabyggð/Höfðabyggð - Víkingur er það íþróttafélag sem er með sína aðstöðu hvað næst þessu svæði og hjóla og gönguleiðir eru góðar og liggja ekki yfir stórar umferðargötur.
 - Víkingur bendir á að mikil þétting byggðar sem á sér stað í Reykjavík nær ekki til hverfis Víkings með sama hætti og með mun minni hætti en til annarra hverfa borgarinnar.
- **MÖGULEIKAR TIL TEKJUÖFLUNAR**
 - Félagið vill kanna möguleika á að byggja 3. hæð ofan á hina nýju tengibýggingu og yrði rýmið leigt undir tengda starfsemi. Þetta yrði annaðhvort gert í samráði við Reykjavíkurborg eða í einkaframkvæmd sem um leið mun styrkja víðtæka hverfisþjónustu.



KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ
VÍKINGUR

Traðarlandi 1 • 108 Reykjavík
Kt. 700269-0789
Sími 581 3245 • Fax 588 7845
www.vikingur.is

VILJAYFIRLÝSING

Knattspyrnufélagið Víkingur - starfsemi í Safamýri

Aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Víkings hefur undanfarna mánuði átt formlegt samtal við Reykjavíkurborg um framtíðaruppbyggingu og framtíðarathafnasvæði Víkings í Fossvogi auk þess sem núverandi svæði Fram í Safamýri hefur verið mikið til umræðu. Frá því að svæði Fram var fyrst nefnt á fundum aðila hefur áhugi Víkings á svæðinu verið mikill enda er það mat okkar að samlegðaráhrif geti orðið talsverð fyrir alla hagsmunaaðila. Hverfin liggja í dag að hvoru öðru og útkoma yrði stórt og öflugt Víkingshverfi.

Aðalstjórn hefur lagt í töluverða vinnu til að kynna málið fyrir deildum félagsins með það að markmiði að skapa góða sýn sem ætlað er að tryggja að félagið geti haldið úti góðu og öflugu barna- og unglिंगastarfi á svæðinu.

Félagið mun þjóna hverfinu á sama hátt og gert hefur verið í Smáibúða- og Fossvogshverfi á liðnum árum. Öflugur starfi beggja kynja verði haldið úti á báðum starfsstöðvum með sama metnaði og félagið hefur verið þekkt fyrir, en yngri flokka starfið hefur á liðnum árum skilað frábærum árangri. Áhersla verður lögð á menntaða þjálfara og sömu gildi í öllu starfi og þjálfun. Bætt aðstaða félagsins gefur kost á nýjum íþróttagreinum fyrir hverfið og mætti þar t.d. nefna körfuknattleik. Þannig verði breiddin á íþróttaframboði hverfisins enn meiri en nú er. Gríðarlega öflug Almenningsdeild er rekin hjá félaginu og stækkar hún ár frá ári og er mikill vilji til að byggja upp samskonar starf í Safamýri. Þá sér félagið fyrir sér að keppni í meistaraflokkum í knattspyrnu verði áfram í Víkinni en keppni í meistaraflokkum í handknattleik verði í Safamýri.

Við leggjum áherslu á það að þjónustusamningur um rekstur mannvirkja við Reykjavíkurborg tryggir starf íþróttastjóra í Safamýri þannig að öll þjónusta við foreldra og iðkendur verði í nær umhverfinu. Þá er mikilvægt að samstarf við skóla hverfisins sé öflugt svo samfella sé í starfi barnanna. Félagið hefur mikinn áhuga á að uppbygging á svæðum félagsins taki meðal annars tillit til ýmis konar hverfistengdrar þjónustu þannig að félagsaðstaðan verði meiri hverfismiðstöð en nú er. Í þessu samhengi má t.d. nefna frístundaheimili, tannlækna, sjúkrabjálffara ofl.

Félagið hefur áhuga að taka við allri nýliðun hverfisins sem fyrst og tryggja þannig að mögulegt brottfall iðkenda verði lágmarkað. Um það þarf þó að ríkja sátt milli Fram, Víkings og Reykjavíkurborgar. Þá er félagið reiðubúið að vinna náið með íbúasamtökum hverfisins í öllu þessu ferli.

Niðurstaðan af vinnu okkar er sú að Knattspyrnufélagið Víkingur lýsir yfir fullum vilja sínum til að halda úti öflugu barna- og unglिंगastarfi í Safamýri í góðu samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu með sterkri aðkomu Reykjavíkurborgar.

Reykjavík 23. janúar 2018
F.h. Knattspyrnufélagsins Víkings,



Minnisblað

Dreifing

Anna María Benediktsdóttir, Reykjavíkurborg

23.5.18

Tílefni

Víkingssvæði

Samgöngur

18147

Höfundur

SJ

Yfirfarið/Samþykkt

SÓ

1 Inngangur

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar hefur í vetur skoðað framtíðarmöguleika Víkingssvæðisins. Að beiðni hópsins hefur VSÓ unnið greiningu á núverandi aðstæðum á samgöngum á svæðinu og komið með tillögur að aðgerðum.

Í dag er íþróttahús Víkings 3.600m², í húsinu er einnig veislusalur sem er til útleigu. Til stendur að byggja við húsið 1.200m² og breyta staðsetningu á inngangi í húsið, sjá mynd 1. Þó er ekki sérstaklega gert ráð fyrir að fjölga sætum/gestum í íþróttahúsi né stúku á fótboltavelli. Óbreyttur gestafjöldi og nýr inngangur er því forsenda þeirra tillagna sem settar eru fram í kafla 5.




Mynd 1

Til stendur að breyta staðsetningu á inngangi í íþróttahús Víkings. Rauður punktur sýnir núverandi inngang og blár punktur framtíðar inngang.

2 Fjöldi iðkenda og áhorfenda

Í félaginu Víking eru rúmlega 1.100 iðkendur. Rúmlega 80% iðkenda eru búsettir í póstnúmeri 108, póstnúmer 103, 109 og 200 eru svo hvert um sig með um 3% iðkenda, önnur póstnúmer eru með færri iðkendur. Þessi nálægð búsetu iðkennda gerir að verkum að stór hluti þeirra getur gengið eða hjólað á æfingar. Á mynd 2 má sjá staðsetningu Víkingsvæðis (blár hringur) og póstnúmer.

Fjöldi sæta/áhorfenda í íþróttahúsi er um 1.000 og í knattspyrnustúku utandyra rúmlega 1.100.



Mynd 2

Staðsetning Víkingsvæðis og póstnúmer.


3 Greining á núverandi aðstæðum

► Slys og óhöpp

Í nágrenni við Víkingssvæðið á árunum 2013-2017 voru tvö slys með litlum meiðslum og eitt óhapp (eignatjón). Staðsetningu þeirra má sjá á mynd 3 og urðu þau með eftirfarandi hætti:

- > Hjólreiðamaður hjólar þvert yfir akbraut. Grænn punktur á Stjörnugróf.
- > Árekstur við v. beygju inn í götu eða innkeyrslu. Grænn punktur í Traðarlandi.
- > Árekstur tv. bíla sem mætast á beinum vegi eða í beygju. Blár punktur í Traðarlandi.


Jákvætt er að engin slys með alvarlegum meiðslum hafa verið í nágrenni við Víkingssvæðið á þessu tímabili. Á mynd 3 má sjá að staðsetning óhapps og slyss í Traðarlandi er við aðkomu inn á bílastæðaplan, mögulega hafa slæmar sjónlengdir vegna bíla lögðum í götunni spilað þar inn í.



Mynd 3 Slys og óhöpp (eignatjón) á Víkingssvæðinu. Grænir punktar sýna slys með litlum meiðslum og blár punktur sýnir óhapp.

► Hraði

- > Eftir því sem hraði er meiri er aukin hættu á slysi og því æskilegt að hraði sé ekki of mikill. Auk þess eru sterkt samband milli hraða og alvarleika slysa. Á mynd 4 er sýndur hámarks hraði í götum í nágrenni Víkingsvæðis. Á mynd 4 er einnig sýnt samband milli hraða og banaslysa ef ekið er á óvarðan vegfarenda, þar sést að þegar hraði fer yfir 30 km/klst aukast líkur verulega á banaslysi.



Mynd 4 Hámarkshraði á svæðinu og línurit sem sýnir tengsl milli hraða og hættu á banaslysi.

► Byggingar

Núverandi íþróttahús á svæðinu er samtals 3.600m², í húsinu er einnig veislusalur sem er til útleigu. Til stendur að byggja við húsið 1.200m².

► Bílastæði

Heildarfjöldi bílastæða á svæðinu er 135. Á svæðinu eru tvö bílastæðaplön.

- > Bílastæðaplan vestan íþróttahúss er mikið notað. Planið er malbikað, yfirborðsmerkt, með tvístefnu og með eina aðkomu við Traðarland. Fjöldi bílastæða er 48 og þar af 1 bílastæði fyrir hreyfihlaða. Planið er um 1.300m² og því um 1 bílastæði á hverja 27m².
- > Grænt bílastæðaplan austan íþróttahúss er mun minna notað. Planið er mest notað af aðilum tengdum Víking þegar stórleikir eru og á stórum íþróttamótum hjá yngri keppendum. Eitthvað er um að fólk sem ætli í útiveru á svæðinu leggi líka á bílplaninu. Planið er með grasmottur, ekki yfirborðsmerkt og með eina aðkomu frá Stjörnugróf. Planið er um 1.700m² og ef miðað er við 25m² (sem er raunhæft viðmið fyrir svona plan) á hvert bílastæði er mögulegur fjöldi bílastæða um 68.
- > 19 bílastæði eru í Stjörnugróf. Bílastæðin eru máluð hornrétt á akstursstefnu og er bakkað út úr þeim inn á Stjörnugróf.

Þegar bílastæði á plani vestan íþróttahúss eru öll upptekin er mikið um að bifreiðum sé lagt í götunni Traðarlandi, í stað þess að nota græna bílastæðaplanið austan íþróttahúss. Göngulengd frá græna bílastæðinu er lengri og auk þess má segja að einskonar hefð sé nú komin fyrir því að leggja í götunni. Hefur þetta áhrif á sjónlengdir og umferðaröryggi í götunni, auk þess að valda íbúum óþægindum.

► Stígakerfi og gatnamót

Í sumar verður nýr göngustígur lagður austan megin við Traðaland milli Bústaðavegar og Traðarlands, sjá mynd 5.




Mynd 5. Staðsetning göngustígs sem lagður verður í sumar í Stjörnugróf.

Við gatnamótin Stjörnugróf/Traðarland eru fimm mismunandi stígakerfi, sjá mynd 6:

1. Í Traðarlandi eru hjólavísar á götunni, gangstétt sunnan megin og að hluta til norðan megin.
2. Í Stjörnugróf norðan gatnamótanna er aðskilinn göngu- og hjólastígur, sem er með tvístefnu.
3. Í Stjörnugróf austan gatnamótanna er gangstétt beggja vegna götunnar.
4. Suðaustan við gatnamótin er aðskilinn göngu- og hjólastígur þar sem hjólastígur er með tvístefnu.
5. Í Stjörnugróf sunnan gatnamótanna eru gangstéttir beggja vegna götunnar.

Í raun eru stígakerfi í 2 og 4 eins, göngustígur er hægra megin við hjólastíg en vegna legu 4 getur þetta verið ruglandi fyrir þá sem eru að ferðast á milli 2 og 4. Litur á yfirborði á gatnamótunum er mismunandi sem getur verið ruglingslegt fyrir vegfarendur. Í Stjörnugróf við gatnamótin Stjörnugróf/Traðarland eru tvær hraðahindranir og engin gangbraut.



Mynd 6 Fimm mismunandi stígakerfi eru við gatnamótin Stjórnugróf/Traðarland.

Gatan Traðarland er hluti af stígakerfi sem tengir saman Fossvogsdal (vestan megin) og Elliðaárdal (austan megin). Götubreidd Traðarlands er 6m, með 3m graseyja og í framhaldi af því 2,5m gangstétt (sjá mynd 11). Í Traðarlandi eru málaðir hjólavísar (yfirborðsmerkingar á götu). Stígakerfi beggja vegna götunnar er aðskilið umferð einkabíla og hjólastígur er með tvístefnu. Hjólandi fara yfir gatnamótin Stjórnugróf/Traðarland á mismunandi hátt, sumir fara yfir hraðahindrun sunnan gatnamótanna og aðrir fara þvert yfir gatnamótun, og þar gildir hálfgerð frumskógarlögmál, sem að sögn starfshóps veldur óöryggi hjá öðrum vegfarendum sem fara um gatnamótin, og í raun heppni að þarna hafi ekki enn orðið slys, ekki síst í ljósi þes að Stjórnugróf er með 50km/klst hámarkshraða.



Mynd 7 Traðarland er hluti af stígakerfi sem tengir saman Fossvogsdals og Elliðaárdals.

4 Bíla- og hjólastæðapörf

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur er miðað við:

1. 1 bílastæði á hverja 50m² af öðru atvinnuhúsnæði.
2. 1 bílastæði á hver 6 sæti í samkomuhúsi.

- Stæði fyrir reiðhjól að lágmarki 4 á hverja 1.000m² atvinnuhúsnæðis.

Til samanburðar við þessi viðmið horfum við á norsk og amerísk viðmið.

Í Þrándheimi í Noregi fyrir svipað svæði og Víkingssvæði eru eftirfarandi viðmið:

- Íþróttamannvirki, 0,1-0,5 bílastæði á hver 10 sæti/áhorfendur.
- Íþróttamannvirki, 1 hjólastæði á hver 10 sæti/áhorfendur.

Í Amerískri bílastæðahandbók, Parking structures er miðað við:

- Leikvangur, 1 bílastæði á hver 3 sæti.
- Opinber samkoma, 0,25 bílastæði á mann.

Taflan hér fyrir neðan sýnir fjölda bílastæða sem ætti að vera á svæðinu samkvæmt ofangreindum viðmiðum.

	Í dag Fjöldi bíla-/hjólastæða	Framtíð Fjöldi bíla/hjólastæða
Reykjavíkur ¹ og ³	72/15	96/20
Þrándheimur ⁴ og ⁵	11-55/110	11-55/110
Ameríka ⁶	333/-	333/-

Á svæðinu í dag eru 135 bílastæði. Samkvæmt þessu er því ljóst að fjöldi bílastæða er meiri á svæðinu en ef er miðað við viðmið í Aðalskipulag Reykjavíkur og Þrándheim, en færri en ef miðað er við leikvang í Ameríku. Vitað er að græna bílastæðið vestan íþróttahússins er vannýtt og því talsverðir möguleikar þar.

5 Tillögur að aðgerðum

Tillögur að aðgerðum miða við að staðsetningu á inngangi í íþróttahúsið sé breytt og að 1.200m² verði byggðir við húsið en gestafjöldi sé óbreyttur. Grófa skissu af tillögum má sjá á mynd 8.



Mynd 8 Gróf skissa af tillögu að aðgerðum.

Aðgerðirnar eru eftirfarandi:

- ▶ Lækka hámarkshraða í 30 km/klst í hluta af Stjörnugróf, sjá blá línu á mynd 9.
- ▶ Bílastæði
 - > Loka núverandi bílastæðaplani, vestan íþróttahúss.
 - > Loka 19 bílastæðum í Stjörnugróf og breikka gangstétt/aðlaga umhverfi. Með breyttri staðsetningu á inngangi má búast við að umferð virkra vegfarenda aukist í nágrenni við þessi bílastæði og því er lokun þessara bílastæða mikilvægur þáttur í því að auka umferðaröryggi.
 - > Með breyttri staðsetningu á inngangi í íþróttahús má reikna með að græna bílastæðiplanið austan íþróttahúss verði mun meira notað. Mikilvægt er að setja góða og skýra tengingu milli bílplansins og inngangsins. Tillaga að staðsetningu gangbrautar yfir Stjörnugróf er sýnd á mynd 8 (grænn kassi). Á mynd 8 er sýnd tillaga að breyttri legu á bílastæðaplani austan íþróttahúss og tvær aðkomur í stað einnar. Talið er að sú aðgerð myndi bæta skýrleika og flæði á svæðinu. Þessi framkvæmd er þó ekki talin nauðsynleg, heldur mætti skoða einfaldari leiðir til að bæta skýrleika, t.d. með því að yfirborðsmerkja bílastæði í grasmottum, skiltun o.s.frv. Gert er ráð fyrir að fjöldi bílastæða á þessu plani verði áfram um 68.
 - > Teiknuð hefur verið tillaga að staðsetningu á nýju bílastæðaplani sunnan íþróttahúss. Heildarflatarmál bílplansins er um 2.800m² og ef miðað er við 1 bílastæði per 25m² þá getur fjöldi bílastæða verið um 110. Heildarfjöldi bílastæða á svæðinu yrði þá 178 en fjöldinn í dag er 135. Græna bílastæðaplanið mun nýtast betur með breyttri staðsetningu á inngangi og því er líklegt að óþarfi sé að byggja allt bílplanið á sama tíma þó mikilvægt sé að vera með heildarskipulag fyrir endanlegt bílplan.
 - > Æskilegt væri að setja rútu- og sleppistæði á nýja bílastæðaplanið.
 - > Þegar stærri íþróttaviðburðir eru ætti að nota svipað skipulag og hefur verið notað undanfarið, þ.e. að benda fólki önnur bílastæðaplön í nágrenni við svæðið. Auk þess að hvetja fólk til að nota aðra ferðamáta, þ.e. að ganga, hjóla eða nýta almenningssamgöngur.
- ▶ Fyrir gatnamótin Stjörnugróf/Traðarland eru settar fram tvær tillögur. Annars vegar kemur til greina að halda áfram tveimur núverandi hraðahindrunum í Stjörnugróf og að auki setja 4 gangbrautir. Hins vegar kemur til greina að hafa upplýft/hækkuð gatnamót, sjá dæmi um slíkt gatnamót á mynd 10.




Mynd 9 Lagt er til að lækka hraða í 30 km/klst í hluta af Stjörnugróf, sjá bláa línu.




Mynd 10 Dæmi um upplýft/hækkuð gatnamót.

► Stígar

Á mynd 11 er sýnt einkennandi götupversnið af Traðarlandi og á mynd 12 er sýnd tillaga að breyttu götupversniði. Í tillögu að breyttu götupversniði er gert ráð fyrir að gangstétt sé beggja vegna götu, auk hjólastígs með tvístefnu sunnan megin. Með þessari breytingu væri komin samfella í stígakerfið, þ.e. aðskildir göngu- og hjólastígar nánast alla leið milli Elliðaárdals og Ægissíðu. Með tilfærslu á aðalbilastæðaplani verður engin bílaumferð í Traðarlandi sem þarf að þvera stígin á þessum kafla sem bætir umferðaröryggi á svæðinu. Hins vegar getur þessi breyting aukið öryggistilfinningu hjólandi og þá leitt til meiri hraða á gatnamótunum og huga þarf að því í hönnun.



Mynd 11 Einkennandi götupversnið í Traðarlandi í dag.



Mynd 12 Mögulegt framtíðar-götupversnið í Traðarlandi, þar sem gert er ráð fyrir tvístefndum hjólastíg.

6 **Annað**

Í framhaldsvinnu eru nokkur atriði sem sem hafa komið upp í umræðu í þessari vinnu en huga þarf að í framhaldinu. Helst má þar nefna

- Neyðarakstur
- Lýsing og þá sérstaklega við gangbrautir
- Hönnun gatna og stíga þarf að samrýmast æskilegum hámarkshraða

7 **Heimildir**

Aðalskipulag Reykjavíkur, Vistvænni samgöngur.

https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/09-vistvaenni_samgongur.pdf

Krav til parkering, veileder. https://trondheim.kommune.no/globalassets/10-bilder-og-filer/10-byutvikling/byplankontoret/samferdsel/reisevaner/15_parkeringsveileder_web.pdf

Anthony P. Chrest, Mary S. Smith, Sam Bhuyan, Mohammad Iqbal, Donald R. Monahan. (2001) Parking structures: Planning, Design, Construction, Maintenance, and Repair.

Mynd 1. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Mynd 2. <https://www.pinterest.com/pin/116249234104992769/?lp=true>

Mynd 3. <http://g.map.is/k/kortasja.php?client=us>

Mynd 4. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> og <http://www.hamilton.govt.nz/our-services/transport/movingaround/Pages/Safer-Speed-Areas.aspx>

Mynd 5. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Mynd 6. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Mynd 7. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Mynd 8. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Mynd 9. <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

Mynd 10. https://nacto.org/wp-content/themes/sink_nacto/views/design-guides/retrofit/urban-street-design-guide/images/raised-intersections/raised-intersections-1.jpg

Mynd 11. <https://streetmix.net/>

Mynd 12. <https://streetmix.net/>

Knattspyrnufélagið Víkingur

Stækkun á félagsaðstöðu í Fossvogi

Forsögn



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Íþróttá- og tómstundasvið
maí 2015

1 Lýsing verkefnis

1.1 Skilgreining á verkefninu

Forsagnarhópur hefur unnið forsögn fyrir stækkun á félagsaðstöðu Víkings í Fossvogi í Reykjavík.

Forsvarsmenn félagsins óska eftir stækkun húsnæðisins til þess að bæta úr brýnni þörf félagsmanna á fjölgun búningrýma. Einnig er óskað eftir því að auka tekjumöguleika félagsins með útleigu á nokkrum rýmum félagsaðstöðunnar. Leigurýmin mætti til að mynda nýta sem frístundaheimili, kennslu í skapandi greinum eða sjúkráþjálfun.

1.2 Vinnuhópur

Forsagnarhópur

Rúnar Gunnarsson, USK
Dagný Helgadóttir, USK
Anna María Benediktsdóttir, USK

1.3 Vinnuferlið

Hópurinn hefur haldið nokkra fundi og unnið drög að forsögn fyrir stækkun félagsaðstöðu Víkings í Fossvogi í Reykjavík.

2 Þarfagreining félagsaðstöðu

3 Lýsing á núverandi aðstöðu.

Félagsaðstaða Víkings í dag er á tveimur hæðum. Á fyrstu hæð félagsaðstöðunnar er gengið inn frá Traðarlandi. Við innganginn er móttaka, aðstaða fyrir húsvörð, salur snýr til suðurs. Frá anddyri er tenging við kjallara og sjónrænn ás í íþróttahúsið. Þar hefur einnig verið komið fyrir verðlaunagripum félagsins. Frá anddyri er einnig tenging við veitingasal sem nýtist fyrir félagsfundi og fyrir áhorfendur íþróttaleikja. Við salinn er eldhús og veitingasala. Gengið er út á íþróttaleikvanginn frá fyrstu hæðinni. Á hæðinni er einnig búningsherbergi, snyrtingar, geymslur, herbergi fyrir dómara, búningaherbergi, skrifstofuaðstaða.

Í kjallara eru í dag alhliða æfingasalur, tækjasalur, geymslur, búningsherbergi, snyrtingar og geymslur. Þar er einnig undarherbergi og fjölnotasalur sem nýtist að hluta til sem frístundaheimili og fyrir fundi hjá félagsmönnum.

Frá kjallara er aðgengi að íþróttasvæðinu og inn í íþróttahús félagsins.

3.1 Húsrýmistafla

				Tillaga 1	Tillaga 1
1. hæð, núv. staða				Óbreytt	Breytt
	Sorp	1	4,1	4,1	0
	Anddyri og stigi	1	34,4	34,4	0
	Forsalur	1	98,8	98,8	0
	Húsvarsla	1	11,7		0
	Eldhús og veitingar	1	14,7	14,7	0
	Veitingasalur	1	130,3	71,7	0
	Fjölnotarými	1	0	0	70,3
	Snyrtingar	3	6,6	6,6	0
Samtals nettó:			300,6	230,3	70,3

Starfsmannaaðstaða					
	Skrifstofa	1	29,2	0	0
	Fundarherbergi	1	27,7	0	13,7
	Fundarherbergi	1		0	13,7
	Skrifstofa/opið rými	1	22,9	0	52,4
	Dómari	1	10	10	0
	Snyrting	1	3,5	3,5	0
	Sturta	1	4	4	0
	Búningsaðstaða,	1	44,2	44,2	0
	Gangur og stigi	1	62,9	62,9	0
	Búningageymsla	1	15	15	0
	Þvottur	1	6,6	6,6	0
	Búningsherbergi	1	22,4	22,4	0
	VS	1	2,3	2,3	0
	Þurkkherbergi	1	11,5	11,5	0
	Sturtur	1	11,2	11,2	0
	Búningsherbergi	1	26,9	26,9	0
	VS	1	2,2	2,2	0
	Búningsherbergi	1	20,6	20,6	0
	VS	1	2,2	2,2	0
	Þurkkherbergi	1	4,1	4,1	0
	Sturtur	1	4	4	0
	Búningsherbergi	1	15,4	15,4	0
	Þurkkherbergi	1	4,1	4,1	0
	Sturtur	1	4	4	0
			356,9	277,1	79,8
Samtals nettó:			657,5	507,4	150,1

Kjallari				Óbreytt	Breytt
	Alhliða æfingasalur	1	179,5	179,5	0
	Geymsla	1	8,2	8,2	0
	Inntök OR	1	8,5	8,5	0
	Gangur og stigi	1	25,5	25,5	0
	Tæki	1	2,5	2,5	0
	Ræsting	1	4	4	0
	Geymsla	1	14,8	14,8	0
	Búningsaðastaða	1	30,9	30,9	0
	Búningsaðastaða	1	31,1	31,1	0
	Úti og inni geymsla	1	17	17	0
	Búningsaðastaða	1	0	0	69,5
	Gangur	1	0	26,3	0
	Tækjasalur	1	109,5	0	82,2
	Fjölnotarými	1	140,2	0	0
	Fundarherbergi	1	0	0	22
	Fundarherbergi	1	0	0	29,2
	Fundarherbergi	1	0	0	28
	Snyrting	1	2,1	0	0
	Snyrting	1	2,1	0	0
	Loftræsing	1	11,9	8,6	0
	Anddyri og stigi	1	43,7	43,7	0
	Anddyri	1	15,4	15,4	0
	Gangur og stigi	1	28,7	28,7	0
			675,6	444,7	230,9
Samtals nettó:			1333,1	952,1	381

				Tillaga 2	Tillaga 2
1. hæð, núv. staða				Óbreytt	Breytt
	Sorp	1	4,1	4,1	0
	Anddyri og stigi	1	34,4	34,4	0
	Forsalur	1	98,8	0	91,8
	Húsvarsla	1	11,7	0	0
	Eldhús og veitingar	1	14,7	0	0
	Veitingasalur	1	130,3	0	0
	Líkamsrækt	1	0	0	163,7
	Snyrtingar	3	6,6	6,6	0
Samtals nettó			300,6	45,1	255,5

Starfsmannaaðstaða					
	Skrifstofa	1	29,2	0	0
	Fundarherbergi	1	27,7	0	0
	Skrifstofa/opið rými	1	22,9	0	0
	Búningsaðstaða,		0	0	79,8
	Dómari	1	10	10	0
	Snyrting		3,5	3,5	0
	Sturta	1	4	4	0
	Búningsaðstaða,	1	44,2	44,2	0
	Gangur og stigi	1	62,9	62,9	0
	Búningageymsla	1	15	15	0
	Þvottur	1	6,6	6,6	0
	Búningsherbergi	1	22,4	22,4	0
	VS	1	2,3	2,3	0
	Þurkkherbergi	1	11,5	11,5	0
	Sturtur	1	11,2	11,2	0
	Búningsherbergi	1	26,9	26,9	0
	VS	1	2,2	2,2	0
	Búningsherbergi	1	20,6	20,6	0
	VS	1	2,2	2,2	0
	Þurkkherbergi	1	4,1	4,1	0
	Sturtur	1	4	4	0
	Búningsherbergi	1	15,4	15,4	0
	Þurkkherbergi	1	4,1	4,1	0
	Sturtur	1	4	4	0
			356,9	277,1	79,8
Samtals nettó:			657,5	322,2	335,3

Kjallari					
	Alhliða æfingasalur	1	179,5	179,5	0
	Geymsla	1	8,2	8,2	0
	Inntök OR	1	8,5	8,5	0
	Gangur og stigi	1	25,5	25,5	0
	Tæki	1	2,5	2,5	0
	Ræsting	1	4	4	0
	Geymsla	1	14,8	14,8	0
	Búningsh. sturtur, snyrting	1	30,9	30,9	0
	Búningsh. sturtur, snyrting	1	31,1	31,1	0
	Úti og inni geymsla	1	17	17	0
	Gangur	1	0	0	15
	Tækjasalur	1	109,5	0	0
	Fjölnotarými	1	140,2	0	0
	Fundarherbergi	1	0	0	22
	Fundarherbergi	1	0	0	29,2
	Fundarherbergi	1	0	0	28
	Snyrting	1	2,1	0	0
	Snyrting	1	2,1	0	0
	Sjúkráþjálfun 1	1	0	0	30
	Sjúkráþjálfun 2	1	0	0	31
	Sjúkráþjálfun 3	1	0	0	31
	Sjúkráþjálfun/útleiga	1	0	0	51
	Móttaka	1	0	0	20
	Loftræsing	1	11,9	8,6	0
	Anddyri og stigi	1	43,7	43,7	0
	Anddyri	1	15,4	15,4	0
	Gangur og stigi	1	28,7	28,7	0
Samtals nettó:			675,6	418,4	257,2
2. hæð			0	0	517,5
Samtals nettó:			1333,1	740,6	1365,5

4 Frumkostnaðaráætlun án búnaðar

5

Tillaga 1.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á húsnæði samkvæmt tillögu 1.

1.hæð

Skrifstofurými á 1. hæð eru sameinuð og útbúin opin vinnusvæði fyrir samtals 6 starfsmenn. Einu til tveimur fundarherbergjum komið fyrir við vinnusvæðin til aðgreiningar frá búningaaðstöðu.

Veitingaaðstöðu á 1. hæð er breytt og fjölnotarými komið fyrir við hlið salsins. Fjölnotarýmið er hugsað til útleigu fyrir til að mynda frístundarheimili. Hægt er að sameina þessi tvö rými og fá þannig afnot af einum stórum sal.

Aðkoma í veitingasalinn og fjölnotasalinn gerð aðgengilegri.

Kjallari

Í kjallara er útbúin ný búningaástaða þar sem núverandi tækjasalur er staðsettur.

Möguleiki er á því að síkka glugga á suður og norðurhlið hússins og þannig auka birtuskilyrðin og nýtinguna á kjallaranum.

Tillaga 2

1.hæð

Í tillögunni er gert ráð fyrir því að fjölga búningsherbergjum á 1. hæðinni, setja þau þar sem núverandi skrifstofuhúsnæði er. Komið verður fyrir líkamræktaraðstöðu/tækjasal þar sem nú er veitingasala og forsalur byggingarinnar.

2.hæð


Byggt verður ofan á 1. hæðina. Samtals 517,5 m². Á nýbyggðri hæð verður komið fyrir veitingasal og fjölnotarými. Í tengslum við veitingasöluna verður eldhús. Skrifstofurými verða einnig staðsett á sömu hæð sem og fundarherbergi. Möguleiki er einnig á því að staðsetja þarna rými til útleigu fyrir kennslu.

Kjallari

Rými í kjallara verða nýtt til útleigu og fundaraðstöðu. Möguleiki er á því að nýta rými fyrir sjúkráþjálfun.

6 Teikningar

6.1 Frumdrög




GRUNNMYND 1. HÆÐAR
 m.k.v. 1:100

ÚTLIT SUBUR
 m.k.v. 1:100

Öf met og skilríki áttugla sáttum fyrir milli. Öf met og skilríki áttugla sáttum fyrir milli. Öf met og skilríki áttugla sáttum fyrir milli. Öf met og skilríki áttugla sáttum fyrir milli. Öf met og skilríki áttugla sáttum fyrir milli.

Askjalokautekt byggingarlífnaða

Askjalokautekt byggingarlífnaða



32740
V. 13. VR

TRÆÐARLAND 1
VIKINGUR - VALLARHÚS
GRUNNMYND KJALLARA
REYNDARTEIKNING

3.09.2005 107
107
107

0500

BYGGINGARLÍFNAÐI

KT 48123206

TRÆÐARLAND 1
VIKINGUR - VALLARHÚS
GRUNNMYND KJALLARA
REYNDARTEIKNING

TRÆÐARLAND 1
VIKINGUR - VALLARHÚS
GRUNNMYND KJALLARA
REYNDARTEIKNING

GRUNNMYND KJALLARA
m.kv. 1:100

7 Ljósmyndir



Anddyri



Veitingasalur



Forsalur



Gangur í kjallara



Tækjasalur



Tækjasalur




Æfingasalur



Aðkoma frá íþróttavelli
















Skábraut niður í kjallara



KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR, GRUNNMÝND KJALLARI TILLAGA 1




Skýringar

-  óbreytt
-  snyrting
-  búningsherbergi
-  purrkherbergi
-  sturtur
-  geymslur
-  ræsting
-  veitingasalur
-  fjölitasalur
-  eldhús
-  forsalur
-  fundarherbergi
-  skrifstofa

breytingar á 1. hæð samtals 172,0 m²

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR, GRUNNMYND 1. HÆÐAR TILLAGA 1



breytingar á kjallara samtals 290,3 m2

KNATTSPYRNUFÉLAGIÐ VÍKINGUR, GRUNNMÝND KJALLARI TILLAGA 2

Skýringar




óbreytt



snyrting



skrifstofa



eldhús



veitingasalur



fjölnotasalur



ræsting



fundir

2. hæð

samtals 517,2 m²

snyrting /eldhús 50 m²





Knattspyrnufélagið Víkingur

Framtíðarsýn

Frumáætlun stærða á nýrri tengibyggingu

- Aðalinngangur, anddyri - forrými 140 m²
- Stjórnun og félagsaðstaða 230m²
- Skrifstofur, miðasölur, fundarherbergi 160m²
- Skjala – munageymsla 30m²
- Starfsmannaaðstaða 40m²
- Búningsklefar 110m²
- Veislusalur 220m²

Alls um 1200 m² brúttó



ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Hverfisfélag - skilgreining

Svæðisbundið félag, sem á eða hefur fengið úthlutað ákveðnu svæði í Reykjavíkurborg og stundar meginhluta starfsemi sinnar þar og í því hverfi. Gert er ráð fyrir, að félagið eigi, eða hafi aðgang að íþróttasvæði og íþróttahúsi í hverfinu.

Félagið stundi a.m.k. 3 íþróttagreinar, þ.m.t. minnst tvær hópíþróttir. Allar íþróttagreinarnar skulu vera öllum opnar í samræmi við alders- og kynflokkun.

Félagið sinni barna- og unglिंगastarfi grunnskólabarna í a.m.k. 3 íþróttagreinum (þar af minnst tvær vinsælar hópíþróttir) sem uppfylla kröfur um deild. Félagið haldi uppi virkri starfsemi allt árið.

Deild með eina þróttagrein hefur virkt barna- og unglिंगastarf fyrir drengi og stúlkur á grunnskólaaldri eftir því sem greinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Deild sem hefur minna en 20 virka og fullgilda iðkendur á grunnskólaaldri getur ekki talist með virkt barna- og unglिंगastarf.

Með virku starfi er átt við:

- að sérstaklega sé boðið upp á aðstöðu og þjálfun fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og tekið þátt í opinberum mótum eða viðburðum í viðkomandi grein
- að boðið sé upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir bæði kyn
- að starfsemi allra aldurshópa sé í boði a.m.k. 6 mánuði á ári
- að innheimt séu æfinga- eða félagsgjöld af iðkendum

Hagsmunaaðilagreining							
Vinnuskjal verkefnisteymis							
Verkefni og verkefnisnúmer:	Framtíðarsýn Knattspyrnufélagsins Víkings	Verkefnisnúmer:			108867		
Verkefnisstjóri:	Anna María Benediktsdóttir	Eigandi verkefnis:			Rúnar Gunnarsson		
Dagsetning:							
Hagsmunaaðilar	Ástæða hagsmuna / staða í máli	Áhugi	Áhrif	Mikilvægi	Meðhöndlun	Aðgerðir	Staða
Borgarstjóri	Niðurstaða verkefnis fer til Borgarstjóra	4	4	16		Samantekt skilað til Borgarstjóra	
Íþrótt- og tómstundasvið	Starfsemi íþróttafélaga heyrir undir Íþrótt- og tómstundasvið	4	4	16		Halda ÍTR upplýstum	Þátttakandi í starfshópi
Skrifstofa eignar og atvinnuþróu	Eignarhald mannvirkja Reykjavíkurborgar	4	4	16		Halda SEA upplýstum	Formaður starfshóps
Skipulagsfulltrúi	Skipulagsmál	4	4	16	Fá í samstarf	Samráðsfundir	Fundir þar sem verkefnið er kynnt hafa verið haldnir.
Samgöngudeild	Aðgengi umferðar á svæðið	4	4	16	Fá í samstarf	Samráðsfundir	Fundir þar sem verkefnið er kynnt hafa verið haldnir.
Deild frumathugana mannvirkja	Ábyrgðaraðilar frumvinnu	4	4	16		Starfshópur	Þátttakandi í starfshópi
Skrifstofa umhverfisgæða	Áhrif framkvæmda á nærliggjandi svæði	4	4	16	Upplýsa viðkomandi	Samráðsfundur	Fundir þar sem verkefnið er kynnt hafa verið haldnir.
Knattspyrnufélagið Víkingur	Framtíðarsýn félagsins	4	4	16		Starfshópur	Þátttakandi í starfshópi
Íþróttabandalag Reykjavíkur	Uppbygging íþróttamannvirkja	4	4	16		Starfshópur	Þátttakandi í starfshópi
Skólastjórn Fossvogsskóla	Nýting mannvirkja	2	4	8	Fá í samstarf	Samráðsfundir	Fundir þar sem verkefnið er kynnt hafa verið haldnir
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar	Nýting mannvirkja fyrir SFS	2	4	8	Fá í samstarf	Samráðsfundir	Fundir þar sem verkefnið er kynnt hafa verið haldnir
Velferðasvið Reykjavíkurborgar	Nýting mannvirkja	1	2	2		Samráðsfundir	Fundir þar sem verkefnið er kynnt hafa verið haldnir